

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B35-38

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 35-38

Nr. 195-222

2003

Efnisyfirlit B 35-38 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
195	17. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi	549
196	18. mars	Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum	549-552
197	19. mars	Gjaldskrá yfir þjónustumælingar og aðra útselda vinnu sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast	553-555
198	18. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 142/1994 um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn	556
199	29. jan.	Skipulagsskrá fyrir Kvískerjasjóð	557-558
200	14. mars	Auglýsing um deiliskipulag orlofshúsa í Búðargili, Akureyri	558
201	18. mars	Samþykkt um sorphirðu í Hvalfjarðarstrandarhreppi	559-560
202	18. mars	Reglugerð um (7.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri, með síðari breytingum	560-584
203	17. mars	Reglugerð um dreifingu ösku utan kirkjugarðs	584-585
204	18. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Lækjargötu – Hringbraut – Öldugötu“ vegna Rafhareits í Hafnarfirði	586
205	18. mars	Auglýsing um umferð í Vestmannaeyjum	586
206	10. mars	Reglugerð um ráðstöfun eigna ríkisins	586-588
207	18. mars	Auglýsing um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, Sultartangalína 3, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi	588
208	6. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi ..	588-589
209	17. mars	Gjaldskrá vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri	589
210	13. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 148 1. mars 2000, með síðari breytingum	590
211	18. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 – 2013, breyting vatnsverndar í vesturhluta bæjarins; Kjarrheiði og Valsheiði	590
212	18. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980 – 2000, snjóflóðamannvirki ofan byggðar	591
213	18. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Sandgerði	591
214	7. mars	Skipulagsskrá fyrir Holt í Önundarfirði – Friðarsetur, sjálfseignarstofnun	592-593
215	17. mars	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	593
216	17. mars	Auglýsing um deiliskipulag við Jarðbaðshóla, Skútustaðahreppi	594
217	19. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum	594-606
218	21. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Bessastaðahreppi	606

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

Breytt deiliskipulag Flatahverfis, klasi 1 og 2, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. febrúar 2003, var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Akranesi.

Breytingin felst í að sett hefur verið lóð fyrir smádreifistöð Orkuveitu Reykjavíkur við gangstíg í norðausturjaðri skipulagssvæðisins, á móts við gatnamót Bresafatar og Eyrarflatar. Gangstétt norðaustan lóðarinnar nr. 7 við Brekkufliot hefur verið felld niður og lóðin stækkuð um 2 m til norðausturs. Lóðamörk Steinsstaða til suðvesturs hafa verið leiðrétt.

Deiliskipulagsbreytingin var afgreidd samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Framangreind deiliskipulagsbreyting tekur þegar gildi.

Akranesi, 17. mars 2003.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum.

1. gr.

Námi á framhaldsskólastigi er veitir undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi sem skal samræmt í tilteknum námsgreinum. Samræmd stúdentspróf eru hluti af skilgreindum námslokum til stúdentsprófs.

Með samræmdum stúdentsprófum er átt við yfirlitspróf í tilteknum námsgreinum miðað við námsmarkmið í kjarna, sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla. Prófin eru lögð fyrir alla nemendur á viðkomandi námsbrautum og aðra þá er þreyta prófin, sbr. 3. og 4. gr., á sama tíma, við sömu eða sambærilegar aðstæður og með sama hætti, sbr. 11. gr.

2. gr.

Tilgangur samræmdra stúdentsprófa er m.a. að:

- a. veita nemendum og viðkomandi skóla upplýsingar um námsárangur nemenda og námsstöðu í þeim námsgreinum þar sem haldin eru samræmd stúdentspróf.
- b. veita viðtökuskólum upplýsingar um námsstöðu einstakra nemenda og vera viðmið fyrir inntöku í einstakar deildir á háskólastigi.

- c. veita fræðslufirvöldum upplýsingar um námsárangur, m.a. eftir framhaldsskólum og hvort markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð.

3. gr.

Samræmd stúdentspróf skal halda í þeim framhaldsskólum sem útskrifa stúdenta og þeim framhaldsskólum sem bjóða upp á skilgreint viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu námi á starfs- eða listnámsbrautum. Þessum skólum er skylt að leggja til húsnæði vegna fyrirlagnar prófanna.

4. gr.

Samræmd stúdentspróf skulu vera markmiðsbundin skv. aðalnámskrá og skulu þau haldin tvisvar á ári, á prófatíma framhaldsskóla í maí og desember. Menntamálaráðherra leggur framhaldsskólum til samræmd próf og tilkynnir dagsetningu prófa með a.m.k. eins árs fyrirvara.

Samræmd stúdentspróf skulu haldin í íslensku, ensku og stærðfræði.

Menntamálaráðherra getur einnig lagt fyrir samræmd stúdentspróf í náttúrufræðigreinum og samfélagsgreinum. Skal slík ákvörðun tilkynnt með a.m.k. tveggja ára fyrirvara.

Öllum nemendum er þreyta stúdentspróf, þ.e. nemendum af félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, upplýsinga- og tæknibraut og starfs- eða listnámsbrautum með viðbótarnámi er skylt að ljúka samræmdu stúdentsprófi í tveimur námsgreinum af þeim þremur sem tilgreindar eru í 2. mgr. Heimilt er nemanda að þreyta fleiri samræmd próf en honum er skylt.

Heimilt er einnig öðrum að þreyta samræmd stúdentspróf enda hafi þeir til þess gilda ástæðu vegna áframhaldandi náms.

5. gr.

Einkunnir á samræmdum stúdentsprófum skulu vera sambærilegar milli prófa hvers árs og milli ára.

Einkunnir á samræmdum stúdentsprófum skulu gefnar á einkunnakvarðanum 1 til 10. Ekki er krafist lágmarkseinkunnar á samræmdum stúdentsprófum.

6. gr.

Nemandi skráir sig í samræmt stúdentspróf þegar hann telur sig hafa náð þeim markmiðum námsgreinarinnar sem prófkröfur miðast við, sbr. 1. og 4. gr. Fer skráning fram á þeirri námsönn sem prófið er þreytt, annars vegar á tímabilinu 15. febrúar til 15. mars og hins vegar á tímabilinu 15. september til 15. október.

Skólameistari ber ábyrgð á skráningu nemenda í skóla sínum og einnig á því að framkvæmdaaðila prófanna séu sendar upplýsingar um próftaka eigi síðar en 1. apríl og 1. nóvember, sbr. 1. mgr. Aðrir þeir sem þreyta samræmd stúdentspróf skulu skrá sig til prófs hjá framkvæmdaaðila prófanna.

Hætti nemandi við próftöku ber honum að tilkynna það skriflega viðkomandi skóla eigi síðar en tveimur vikum áður en prófið er haldið. Skólameistari ber ábyrgð á að koma upplýsingum um skráningu úr prófi til þess aðila sem annast framkvæmd prófanna. Mæti nemandi ekki til prófs sem hann er skráður í hefur hann fyrirgert öðrum próftökurétti sínum af tveimur, sbr. 8. gr.

7. gr.

Engin sérstök samræmd sjúkrapróf eru haldin. Nemandi sem samkvæmt læknisvottorði er veikur á prófdegi þreytir próf þegar regluleg samræmd próf eru haldin.

8. gr.

Nemanda er heimilt að endurtaka samræmt stúdentspróf einu sinni. Velji nemandi að endurtaka próf skal síðari einkunnin gilda. Um skráningu í endurtökupróf fer skv. 6. gr.

9. gr.

Menntamálaráðherra felur Námsmatsstofnun eða öðrum hæfum aðila framkvæmd samræmdra stúdentsprófa með sérstökum samningi. Í samningi þessum skal m.a. kveðið á um samningu, fyrirlögn og úrvinnslu samræmdra stúdentsprófa. Jafnframt skal í samningnum kveðið á um ráðningu eftirlitsmanna með fyrirlögn prófanna í framhaldsskólum.

Ekki er heimilt að ráða kennara til að semja samræmt stúdentspróf ef hann kennir þeim nemendum sem þreyta prófið það skólaár sem prófið er haldið.

10. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda hvílir á þeim sem bera ábyrgð á, semja og/eða meta úrlausnir á samræmdum stúdentsprófum. Þeim er óheimilt að fjalla um eða birta, að hluta eða í heild, úrlausnir nemenda.

11. gr.

Við fyrirlögn samræmdra stúdentsprófa ber að fara nákvæmlega eftir þeim fyrirmælum sem fylgja prófi. Frávik frá reglum um fyrirlögn eru ekki heimil nema með samþykki þess aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd prófanna. Eftirlitsmenn, sbr. 9. gr., fylgjast með fyrirlögn prófanna.

Heimilt er að víkja frá almennum reglum um fyrirlögn samræmdra stúdentsprófa þegar um er að ræða líkamlega fötlun, langvarandi veikindi, sértæka lesröskun eða aðra erfiðleika af líffræðilegum orsökum, enda séu þessar aðstæður nemandans staðfestar af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Framkvæmdaaðili prófanna setur reglur um slík frávik og um staðfestingar sérfræðinga í samráði við menntamálaráðuneytið.

Sá nemandi sem í hlut á sækir sjálfur um frávik frá reglum um fyrirlögn og skulu umsóknir sendar þeim aðila sem ábyrgð ber á framkvæmd samræmdra prófa. Umsókn um frávik frá reglum um fyrirlögn skal fylgja staðfesting skólameistara og sérfræðings á viðkomandi sviði. Sérfræðingar teljast eftir atvikum læknar, sálfræðingar og námsráðgjafar, en þeir síðastnefndu skulu hafa samráð við sérmenntaða aðila á viðkomandi sviði. Framkvæmdaaðili tekur ákvörðun um heimild til fráviks á grunni upplýsinga í umsókn nemanda, sérfræðingsmats og frammistöðu á fyrri samræmdum prófum, eftir því sem við á.

Aðrir þeir sem þreyta samræmd stúdentspróf sbr. 4. mgr. 5. gr. og óska eftir að þreyta samræmt stúdentspróf með frávikum frá fyrirlögn, skulu sækja um frávik til framkvæmdaaðila. Umsókn skal fylgja staðfesting sérfræðings.

12. gr.

Eigi síðar en 24 dögum eftir að síðasta samræmt stúdentspróf er haldið sendir framkvæmdaaðili prófanna niðurstöður til viðkomandi skóla í ábyrgðarpósti eða á annan tryggan hátt.

Skólar skulu birta nemendum einkunnir úr samræmdum stúdentsprófum eigi síðar en 2 virkum dögum eftir að einkunnir úr öllum greinum sem prófað er úr samræmt hafa borist viðkomandi skólum.

13. gr.

Sætti nemandi sig ekki við niðurstöðu námsmats á samræmdu stúdentsprófi getur hann óskað skýringa frá framkvæmdaaðila innan þriggja vikna frá því að niðurstöður voru birtar nemanda. Sætti nemandi sig ekki við fram komnar skýringar getur hann fengið afrit af próf-

úrlausn sinni og telji hann niðurstöður matsins rangar færir hann rök fyrir því í umsókn sinni um endurmat. Skal sú umsókn hafa borist framkvæmdaaðili prófanna innan þriggja vikna frá því skýringar bárust nemanda. Framkvæmdaaðili lætur, innan tveggja vikna frá því umsókn barst honum, fara fram endurmat á prófúrlausn nemandans.

Nemandi sem þreytt hefur samræmt stúdentspróf getur í fyrsta lagi tveimur mánuðum frá því að niðurstöður prófsins voru birtar honum krafist þess að fá úrlausn sína afhenta enda fer þá ekki endurmat fram á prófi hans eftir það. Framkvæmdaaðili prófanna skal halda eftir afriti af úrlausn sem afhent er nemanda. Úrlausnir nemenda teljast vera svarblöð og þau prófhefti sem þeir skrá svör í.

Framkvæmdaaðili prófanna er ábyrgur fyrir því að öllum prófúrlausnum sé eytt á tryggilegan hátt að einu ári liðnu frá því að prófið var haldið, þ.m.t. öllum vinnublöðum sem fylgja prófúrlausn.

14. gr.

Framkvæmdaaðili samræmdra stúdentsprófa skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að próf eru haldin gefa út yfirlit yfir heildarniðurstöður prófanna og senda menntamálaráðuneyti, skólameisturum og skólanefndum framhaldsskóla og skólum á háskólastigi. Þar skulu koma fram meðaltöl einstakra skóla eftir prófum, fjöldi og hlutfall nemenda með hverja einkunn, meðaltöl allra skóla og aðrar þær upplýsingar sem þarf til að skýra niðurstöðurnar og auðvelda túlkun á þeim.

Ef 10 nemendur eða færri þreyta tiltekið samræmt stúdentspróf í framhaldsskóla skulu meðaltöl viðkomandi skóla ekki birt í þeirri námsgrein.

15. gr.

Óheimilt er að veita öðrum en viðkomandi nemanda eða forsjáraðilum hans, upplýsingar um einkunnir nemandans á samræmdum stúdentsprófum, nema samþykki nemandans eða forsjáraðila liggi fyrir.

Þó skal heimilt að veita þessar upplýsingar vegna kannana sem fræðslufirvöld standa fyrir og vegna fræðilegra rannsókna enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og fengin heimild Persónuverndar.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda skólaárið 2003-2004. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 914/2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 4. gr. og 16. gr. skal einungis halda samræmt stúdentspróf í íslensku í maí og desember 2004. Þeim nemendum sem útskrifast með stúdentspróf í lok vor- eða haustannar 2004 er ekki skylt að þreyta samræmt stúdentspróf í íslensku á árinu 2004.

Menntamálaráðuneytinu, 18. mars 2003.

Tómas I. Olrich.

Guðmundur Arnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 2003

19. mars 2003

553

Nr. 197

GJALDSKRÁ

yfir þjónustumælingar og aðra útselda vinnu
sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður	3.870
2. Sérfræðingur I	5.750
3. Sérfræðingur II	7.510
3. Sérfræðingur III	8.155

2. gr.

Örverumælingar:

	kr./klst.
Undirbúningur sýna	1.700
<i>Bacillus</i> gró (hitun)	2.265
<i>Campylobacter</i> +/-	3.635
<i>Clostridium perfringens</i> , forpróf	2.265
<i>Clostridium perfringens</i> , staðfesting	2.210
Enterococci	1.770
Enterococci (síun)	2.265
<i>Escherichia coli</i> , MUG eingöngu	1.700
Ger- og myglusveppir	2.075
* Iðragerlar	1.770
* Kólí- og saurkólígerlar, MPN	2.180
Kólígerlar og <i>E. coli</i>	2.515
* Kólígerlar, MPN eingöngu	1.700
* <i>Listeria</i> +/-	3.635
* <i>Listeria</i> , greining ef forpróf er jákvætt	4.050
<i>Listeria</i> , talning	3.170
Mjólkursýrugerlar	2.135
<i>Pseudomonas</i>	2.135
RODAC-skálar með æti, stk.	270
Röðagerlar	1.770
* <i>Salmonella</i>	3.635
* Saurkólígerlar, MPN eingöngu	1.700
* Saurkólígerlar, MPN (eingöngu frárennsli)	2.965
* <i>Staphylococcus</i> (forpróf)	1.560

	kr./klst.
* <i>Staphylococcus</i> (staðfesting)	1.175
* Súlfit-afoxandi clostridia gró (hitun)	2.265
* Örverutalning, heildarfjöldi	1.525
Örverutalning, sérhæfð (t.d. járnagar)	2.135
Efnamælingar:	kr./klst.
Undirbúningur sýna	1.700
Undirbúningur fljótandi sýnis	1.140
Undirbúningur stórra sýna	3.240
* Prótein (Kjeldahl)	3.205
* Fita	2.965
* Vatn	770
* Salt (NaCl, AOAC)	2.180
* Salt (NaCl, Volhard)	1.525
* Aska	1.715
TVN, heildarmagn reikulla basa	2.755
TMA, trimethylamin	3.260
TVN og TMA	3.755
Ammoníak	1.700
Rotamín	17.020
Nítrít í föðri og föðurvörum	2.965
Pepsin-meltanleiki	13.080
Vatnsleysanlegt prótein	4.015
Drip (vatnstap við þiðnun)	1.455
Íshúð	1.985
Óbundnar fitusýrur í lýsi	1.350
Vatnsmæling með toluol	1.760
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	4.565
Joðtala	4.400
Anisidín	5.245
Ósápanlegt	8.035
Peroxyðtala	2.255
TBA-gildi	8.560
Sáputala	3.555
Fitusýrugreining (hrein fita)	13.490
Fitusýrugreining með útdrætti	18.350
Edíksýra	1.785
Súlfit	9.735
Sýrustig pH	1.080
Snefilefnamælingar:	kr./klst.
Undirbúningur fyrir þungmálmamælingar	5.125
Arsen	6.215
Blý	6.215
Fosfór	4.860
Járn	4.860
Joð	7.650
Joð (kínétísk mæling)	8.930
Kadmín	4.860
Kalíum	4.860
Kalsíum	4.860
Kopar	4.860
Króm	4.860
Kvikasilfur	6.215

	kr./klst.
Mangan	4.860
Natríum	4.860
Nikkel	4.860
Selen	6.215
MÆLINGAR Á SALTÍ:	kr./klst.
Undirbúningur f. mælingu á sjávarsalti	3.270
Járn	4.860
Kalíum	4.860
Kalsíum	4.860
Klóríð (titer)	2.580
Kopar	4.860
Kornastærð	4.860
Magnesium	4.860
Natríum	4.860
Óleysanlegt í vatni	4.590
Raki og bundið vatn	1.115
Súlfat	5.865

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir sem getið er í 2. grein, er skjalfest yfirlýsing um niðurstöður rannsókna.

4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum eða auka mæliblað/vottorð, er tekið sérstakt gjald kr. 2.245. Fyrir greinargerð með niðurstöðum er greitt skv. tímamælingu.

5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. grein, skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. grein.

7. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxa, sbr. 1. gr. og 2. gr. gjaldskrárinnar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 37, 15. janúar 2003.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. mars 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 2003

Nr. 198

556

18. mars 2003

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 142/1994 um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn.

1. gr.

Liður 2.2.6.2.3 í viðauka við reglugerð nr. 142/1994 orðist svo:
2.2.6.2.3. Í hólfunum í tankinum skal vera búnaður sem kemur í veg fyrir hringiðu, nema í kælikerfum þar sem notuð er loftskilja í samræmi við lið 1.6.2.1.4.

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt inn í viðauka reglugerðar nr. 142/1994 á eftir lið 3.1.2.4.2:
3.1.3. Heimild vegna tiltekinna tankbifreiða:
Þegar um er að ræða mælikerfin sem um getur í liðum 2.2 og 2.4. er hægt að veita EBE-gerðarviðurkenningu á grundvelli teikninga og skýringarmynda, að því tilskildu að þær séu í samræmi við ákvæðin í 4. lið.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 22. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 82/625/EBE frá 1. júlí 1982 um breytingu á tilskipun 77/313/EBE, 1. gr. 1. og 2. tl., um mælikerfi fyrir vökva aðra en vatn. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kvískerjasjóð.

1. gr.

Kvískerjasjóður er stofnaður af umhverfisráðuneytinu, kt. 571189-1519, 15. janúar 2003 til heiðurs Kvískerjabræðrum, þeim Flosa Björnssyni, Hálfáni Björnssyni, Helga Björnssyni og Sigurði Björnssyni fyrir framlag þeirra til öflunar þekkingar og rannsókna á náttúru og sögu Austur-Skaftafellssýslu. Varsla og dagleg umsýsla sjóðsins heyrir undir umhverfisráðuneytið. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum rekstur.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að og styrkja rannsóknir á náttúru- og menningarminjum í Austur-Skaftafellssýslu. Markmiðum sjóðsins skal ná með veitingu rannsóknastyrkja til stofnana og einstaklinga til rannsókna á náttúrufari Austur Skaftafellssýslu.

3. gr.

Umhverfisráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn og skal einn þeirra skipaður formaður sjóðsins. Menntamálaráðherra tilnefni einn stjórnarmann, en hinir eru skipaðir án tilnefningar. Stjórnin skipar sér gjaldkera og ritara. Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmáður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til endurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala sem sjóðnum berast.

Stjórnin skal veita sjóðnum forstöðu og ber ábyrgð á fjárvörslu hans. Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilgreinilega þær ákvarðanir er teknar eru.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins eru 25 milljónir króna sem greiðist af umhverfisráðuneytinu við stofnun sjóðsins svo og frekari fjárveitingar sem kunna að verða ákveðnar á fjárlögum til Kvískerjasjóðs. Af stofnfé sjóðsins er óskerðanlegt stofnfé ein milljón króna.

Sjóðnum er heimilt að taka við gjöfum og fjárframlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og eða öðrum sem veita vilja markmiðum hans brautargengi.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórnin senda Ríkisendurskoðun reikninga sjóðsins fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið varið.

5. gr.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt ákvörðun stjórnar í fyrsta sinn árið 2004. Á hverju ári er stjórninni heimilt að veita allt að 10% af uppreiknuðum höfuðstól sjóðsins í árslok undangengins almanaksárs, þó ekki af óskerðanlegu stofnfé sbr. 4. gr., til sérstakra verkefna á sviði náttúru- og menningarminja í Austur-Skaftafellssýslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

6. gr.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á skipulagsskrá sjóðsins ef þjóðfélagshættir og aðstæður hafa breyst svo mjög frá því að skipulagsskráin var staðfest að markmiðum hennar verður ekki náð að öðrum kosti, en eingöngu í samráði við stofnanda sjóðsins. Slíkar breytingar skal eingöngu gera að allir stjórnarmenn séu sammála þeim. Leita skal umsagnar ríkisendurskoðunar á öllum breytingum á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. janúar 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag orlofshúsa í Búðargili, Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 4. febrúar 2003 samþykkt nýtt deiliskipulag orlofshúsabyggðar í Búðargili.

Skipulagið tekur til svæðis sunnan lóðar Fjórdungssjúkrahússins, frá botni Búðargils upp að Þórunnarstræti, og gerir ráð fyrir 22 orlofshúsum ásamt þjónustuhúsum, með aðkomu um götu út úr Þórunnarstræti, sem jafnframt verður tenging við lóð FSA.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 14. mars 2003.

Bjarni Reykjalin skipulags- og byggingarfulltrúi.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps annast eða býður út sorphirðu í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn hreppsnefndar og er háð eftirliti heilbrigðiseftirlits.

2. gr.

Ábúendur eða eigendur lögbýla og íbúða fá afhenta 360 l tunnu fyrir heimilissorp sem losuð verður á 10 daga fresti. Eigendur sumarbústaða og hjólhýsa, sem notuð eru sem sumar- og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma sorpi í gáma eða ker sem sveitarfélagið tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

3. gr.

Í sorpgáma og tunnur má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp.

4. gr.

Óheimilt er að setja í gámana, kerin eða tunnurnar mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku. Þess konar úrgangur sem fellur til skal koma með á afmarkað svæði í þar til gerða gáma eða á viðurkenndan móttökustað samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðiseftirlits. Undanskilin eru þó spilliefni sem skila verður á viðurkenndan móttökustað.

5. gr.

Sorphirða samkvæmt 3. og 4. gr. greiðist af hreppssjóði. Sveitarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald) samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og auglýst er í B-deild Stjórnartíðinda. Sorphirðugjaldið skal lagt á hverja þá fasteign eða fyrirtæki, sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og umfang starfsemi. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en samanlagður kostnaður við sorphirðu.

6. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðiseftirlits eða oddvita hreppsins.

7. gr.

Brjótí eigandi eða umráðamaður eignar ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar eða heilbrigðiseftirlits, sem gera viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr. Óheimilt er sorphirðumönnum eða öðrum að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 18. mars 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.***REGLUGERÐ**

um (7.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri, með síðari breytingum.

1. gr.

Í 1. viðauka B-hluta, töflu 2 kemur eftirfarandi í stað 2.21 Díoxín, sbr. tilskipun ráðsins nr. 2001/102 EB:

Efni, afurðir	Fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (ppm) fyrir fóður með 12% rakainnihald
2.21. Díoxín (summa fjölkloráðra díbensó-para-díoxína (PCDD) og fjölkloráðra díbensófúrana (PCDF), gefið upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðlar frá 1977)) PCDD/F	Öll fóðurefni úr jurtaríkinu, þ.m.t. jurtaolíur og aukaafurðir	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Steinefni	1,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og eggjafita	2,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir, egg og eggjaafurðir	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Fisklýsi	6 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Fiskur, önnur sjávardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir, að undanskildu fisklýsi ⁽⁷⁾	1,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Fóðurböndur, að undanskildum fóðurböndum fyrir loðdýr, gæludýrafóður og fiskafóður	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)
	Fiskafóður Gæludýrafóður	2,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg ^(1,2)

Í lok töflunnar bætist eftirfarandi neðanmálgreinar við:

- (1) Efri styrkleikamörk: efri styrkleikamörk eru reiknuð út frá þeirri forsendu að öll gildi hinna ýmsu skyldu efna, sem eru undir greiningarmörkum, séu jöfn greiningarmörkunum.
- (2) Endurskoða skal þessi viðmiðunarmörk í fyrsta sinn fyrir 31. desember 2004 í ljósi nýrra gagna um tilvist díoxína og díoxín-líkra PCB-efna, einkum í því skyni að fella PCB-efni, sem líkjast díoxíni, inn í þau gildi sem sett hafa verið og sem verða síðan endurskoðuð fyrir 31. desember 2006 með það að markmiði að lækka viðmiðunarmörkin til muna.
- (3) Ferskur fiskur, sem er afhentur beint og notaður án millistigsvinnslu við framleiðslu á fóðri fyrir loðdýr, er undanskilinn þessum viðmiðunarmörkum. Afurðirnar, unnin dýraprótein sem eru framleidd úr þessum loðdýrum, mega ekki komast inn í fæðukeðjuna og bannað er að nota þær sem fóður fyrir húsdýr sem eru alin og ræktuð til matvælaframleiðslu.

2. gr.

Í 3. viðauka D-hluta 4. lið, Hníslalyf og önnur lyf, breytist eftirfarandi sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2205/2001/EB:

Eftirfarandi efnum skal vera eytt úr töflunni:

- metíklórþindól,
- metíklórþindól/metýlbensókat,
- amprólíum,
- amprólíum/etópabat,
- dímetrídásól,
- níkarbasín.

Eftirfarandi efni bætist við töfluna:

EBE-nr.	Nafn og skráningar-númer einstaklings sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu	Aukefni	Efnaheiti, lýsing	Dýrategund- eða flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
						magn	magn	
E 770	Alpharma AS	Alfa-madduramísín-ammóníum: 1 g/100 g (Cygro 1%)	Samsetning aukefnisins: Alfa-madduramísínammóníum: 1 g/100 g Bensylalkóhól: 5g/100 g Grófmalað matskorn q.s. 100 g Virkt efni: Alfa-madduramísínammóníum $C_{47}H_{89}O_{17}N$ CAS-númer: 84878-61-5 ammóníumsalt pólyetramónó-karboxýlsýru sem framleidd er með Actinomadura yumaensis (ATCC 31585) (NRRL 12515). Skyld óhreinindi: Beta-madduramísínammóníum < 10 %	Kalkúnar	16 vikur	5	5	Notkun bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun. Í notkunar-leiðbeiningum komi fram: „Hættulegt dýrum af hestaætt.“ „Þetta fóður inniheldur jónfóór: óráðlegt er að nota það samtímis tilteknum lyfjum (t.d. tãamdíni).“

Í 3. viðauka D-hluta, 4. lið, Hníslalyf og önnur lyf, bætast við eftirfarandi upplýsingar í 2. dálk töflunnar, nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á að setja aukefni í dreifingu, fyrir efnin E 766 (26), E 771 (27) og E 770 (28), sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2200/2001/EB:

E 766 (26) Intervet International bv

E 771 (27) Janssen Animal Health BVBA

E 770 (28) Alpharma AS

Í 3. viðauka D-hluta, 6. lið, Litgjafar að meðtöldum litarefnum, bætast við eftirfarandi dýrategundir fyrir efnin E 102, E 110 og E 141, sem eru þegar í töflunni, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 22/2001/ES:

E 102 Lítill nagdýr og skrautfuglar sem borða korn. Hámarksgildi 150 mg/kg

E 110 Lítill nagdýr og skrautfuglar sem borða korn. Hámarksgildi 150 mg/kg

E 141 Lítill nagdýr og skrautfuglar sem borða korn. Hámarksgildi 150 mg/kg

Í 3. viðauka D-hluta, 10. lið, Bindiefni, kekkljavar- og storkuefni, bætist við eftirfarandi, sbr. reglugerð framkvæmdastjórn-
arinnar nr. 2200/2001:

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					innihald mg/kg heilföðurs	innihald	
4	Klínopflólit, upprunnið úr seti	Vatnað kalsíumalítkat, upprunnið úr seti sem inniheldur að minnsta kosti 80% klínopflólit og mest 20% leirsteindir og er laust við trefjar og kvars	Eldissvín	—	—	20 000	Allt fóður
			Eldiskjúklingar	—	—	20 000	Allt fóður
			Eldiskalkúnar	—	—	20 000	Allt fóður
		Hámarksdioxíninnihald (1)	Nautgripir	—	—	20 000	Allt fóður
			Lax	—	—	20 000	Allt fóður

(1) Ef nákvæmt hámarks magn hefur ekki verið ákvarðað, og þess er þörf, sem er byggt á fullnægjandi gögnum um tilvist dioxíns skal hámarks magn 500 µg WHO-PCDD/F-TEQ/kg gilda frá 15. október 2000.

Í 3. viðauka D-hluta, 12. lið, Ensím, bætist við eftirfarandi, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2200/2001:

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði
					Virktíningar á hvert kílógramm heilfóðurs		
28	3-fýtasi EC 3.1.3.8	Efnablenda 3-fýtasa, fram- leiddur með <i>Trichoderma</i> <i>reesei</i> (CBS 528.94), með virgni að lágmarki: Fast form: 5 000 PPU (⁴¹)/g Vökvaform: 1 000 PPU/g	Eldiskjúklingar	—	500 PPU	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notunarieðbeiningum með auk- efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglnun Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: 500-750 PPU Til nota í fóðurböndur sem innihalda yfir 0,22% fýunbundinn fosfor
30	Endó-1,3(4)-beta- glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta- xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablenda endó-1,3(4)-beta- glúkánasa og endó-1,4-beta- xýlanasa, framleiddir með <i>Penicillium funiculosum</i> (IMI SD 101), með virkni að lágmarki: Duft: Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 2 000 U (³⁶)/g Endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 400 U (³⁷)/g Vökvi: Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 500 U/ml Endó-1,4-beta-xýlanasi: 350 U/ml	Varphænur	—	Endó-1,3(4)-beta- glúkánasi: 100 U Endó-1,4-beta- xýlanasi: 70 U	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notunarieðbeiningum með auk- efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglnun Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U Til nota í fóðurböndur, auðugar af fjölskykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxýlónum), t.d. þær sem innihalda yfir 60% bygg eða 30% hveiti

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald		Hámarks- innihald	Önnur ákvæði
					Virkníningar á hvert kílógramm heilfóðurs			
			Eldissvín	—	Endó-1,3(4)- beta-glúkánasi: 100 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með auk- efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögglnun	
					Endó-1,4-beta- xýlanasi: 70 U	—	2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U	
							3. Til nota í fódurböndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxyfónum), t.d. þær sem innihalda yfir 50% bygg eða 60% hveiti	
42	Endó-1,4-beta- xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta- xýlan-asa, framleiddur með <i>Tricho-derma longibrachiatum</i> (IMI SD 135), með virkni að lágmarki: Fast form: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 4 000 U (⁴⁶)/g Eiginleikar leyfðu efna- blöndunnar: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 1,99% Hveiti: 97,7% Kalsíumpróþíónat: 0,3% Lesítín: 0,01%	Eldissvín	—	Endó-1,4-beta- xýlanasi: 4 000 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með auk- efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögglnun 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 4 000 U 3. Til nota í fódurböndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxyfónum), t.d. þær sem innihalda yfir 60% hveiti	

46	<p>Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6</p> <p>Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8</p> <p>Fjölgaalaktúrónasi EC 3.2.1.15</p>	<p>Efnablenda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (IMI SD 135), og fjölgaalaktúrónasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), með virkni að lágmarki:</p> <p>Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 400 U (²⁵)/g</p> <p>Endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U (⁴⁶)/g</p> <p>Fjölgaalaktúrónasi: 50 U (⁴⁶)/g</p>	Eldissvín	—	<p>Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 400 U</p> <p>Endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U</p> <p>Fjölgaalaktúrónasi: 50 U</p>	—	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og þol við köggfun</p> <p>2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 400 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U fjölgaalaktúrónasi: 50 U</p> <p>3. Til nota í fódurböndur sem innihalda korn sem er auðugt af sterkju og öðrum fjölsykrum (einkum arabinoxýlonum og beta-glúkónum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% bygg</p>
----	---	--	-----------	---	---	---	--

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarksinnihald		Önnur ákvæði
					Virkniefningar á hvert kílógramm heilfóðurs	Hámarksinnihald	
49	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (IMI SD 135), alfa-amýlása, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), basillólýsins, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), og fjölgalakúr-ónasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), með virkni að lágmarki:	Eldiskjúkingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 150 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 500 U Alfa-amýlasi: 500 U Basillólýsín: 800 U Fjölgalakúrónasi : 50 U	—	1. Í notkunarlíðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 150 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 500 U alfa-amýlasi: 500 U basillólýsín: 800 U fjölgalakúrónasi: 50 U 3. Til nota í fôðurlöndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxýlönunum og beta-glúkónunum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% hveiti
	Fjölgalakúrónasi	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 150 U (27)/g Endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 500 U (46)/g Alfa-amýlasi: 500 U (65)/g Basillólýsín: 800 U (66)/g Fjölgalakúrónasi: 50 U (66)/g	Varphænur	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 150 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 500 U Alfa-amýlasi: 500 U Basillólýsín: 800 U Fjölgalakúrónasi : 50 U	—	1. Í notkunarlíðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 150 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 500 U alfa-amýlasi: 500 U basillólýsín: 800 U fjölgalakúrónasi: 50 U 3. Til nota í fôðurlöndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxýlönunum og beta-glúkónunum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% hveiti

50	6-fýasi EC 3.1.3.26	Efnablanda 6-fýasa, framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 11857), með virkni að lágmarki: Hjúpað form: 2 500 FYT (°)/g Vökvaform: 5 000 FYT/g	Eldiskjúklingar	—	250 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggþun 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 500-1 000 FYT 3. Til nota í fódurböndur sem innihalda yfir 0,25% fýtinbundinn fosfór
Varphænur	—	250 FYT	—	—	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggþun 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 500-1 000 FYT 3. Til nota í fódurböndur sem innihalda yfir 0,25% fýtinbundinn fosfór 		
Eldiskalkúnar	—	250 FYT	—	—	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggþun 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 500-1 000 FYT 3. Til nota í fódurböndur sem innihalda yfir 0,25% fýtinbundinn fosfór 		

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Ömur ákvæði
					Virkniteiningar á hvert kílógramm heilfóðurs	Hámarksinnihald	
			Mjólkurgrisir	2 mánuðir	500 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notunarlíðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: 500-1 000 FYT Til nota í fódurblöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtinbundinn fosfór
			Eldissvín	—	500 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notunarlíðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: 500-1 000 FYT Til nota í fódurblöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtinbundinn fosfór
51	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Bacillus subtilis</i> (LMG-S 15136), með virkni að lágmarki: 100 IU (⁶⁷)/g	Eldiskjúklingar	—	10 IU	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notunarlíðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: 10 IU Til nota í fódurblöndur, auðugar af fjölskykrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxyíönum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% hveiti

52	<p>Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6</p> <p>Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4</p> <p>Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1</p>	<p>Efnablenda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiðdur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiðdur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), og alfa-amýlasi, framleiðdur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), með virkni að lágmarki:</p> <p>Vökvaform:</p> <p>Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 10 000 U (⁶⁸)/ml</p> <p>Endó-1,4-beta-glúkanasi: 120 000 U (⁶⁸)/ml</p> <p>Alfa-amýlasi: 400 U (⁷⁰)/ml</p>	Mjólkurgúrsir	2 mánuðir	10 IU	<p>1. Í notunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln</p> <p>2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: 10 IU</p> <p>3. Til nota í fodburlöndur, auðugar af arabínóxýlani, t.d. þær sem innihalda yfir 40% hveiti</p>
		Eldiskjúklingar	—	<p>Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 000 U</p> <p>Endó-1,4-beta-glúkanasi: 12 000 U</p> <p>Alfa-amýlasi: 40 U</p>	<p>1. Í notunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln</p> <p>2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs:</p> <p>endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 000-2 000 U</p> <p>endó-1,4-beta-glúkanasi: 12 000-24 000 U</p> <p>alfa-amýlasi: 40-80 U</p> <p>3. Til nota í fodburlöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxýlönun og beta-glúkónun), t.d. þær sem innihalda yfir 20% hveiti, 15% dírru og 5% maís</p>	

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Ömur ákveði
					Virktíningar á hvert kílógramm heilfóðurs	Hámarksinnihald	
53	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiðdur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiðdur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasi, framleiðdur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), basillólýsins, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554) og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiðdur með <i>Trichoderma viride</i> (NIBH FERM BP 4842), með virkni að lágmarki:	Mjólkurgrisir	2 mánuðir	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 2 350 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 4 000 U Alfa-amýlasi: 400 U Basillólýsín: 450 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 20 000 U	—	1. Í notunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 2 350 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 4 000 U alfa-amýlasi: 400 U basillólýsín: 450 U 3. Til nota í fódurbliöndur, auðugar af fjölskyrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabinoxýlönun), t.d. þær sem innihalda yfir 25% bygg eða 20% mais
	EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín EC 3.4.24.28 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 175 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 000 U Alfa-amýlasi: 200 U Basillólýsín: 225 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 10 000 U	—	1. Í notunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 175-2 350 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 000-4 000 U alfa-amýlasi: 200-400 U basillólýsín: 225-450 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 10 000-20 000 U 3. Til nota í fódurbliöndur, auðugar af fjölskyrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabinoxýlönun), t.d. þær sem innihalda yfir 45% hveiti			

54	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589,94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592,94), alfa-amýlasa, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma viride</i> (NIBH FERM BP 4842), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 10 000 U (⁶⁸)/g Endó-1,4-beta-glúkanasi: 120 000 U (⁶⁹)/g Alfa-amýlasi: 400 U (⁷¹)/g Endó-1,4-beta-xýlanasi: 210 000 U (⁷³)/g	Eldiskjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 000 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 12 000 U Alfa-amýlasi: 40 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 21 000 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efni og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 000-2 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 12 000-24 000 U alfa-amýlasi: 40-80 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 21 000-42 000 U 3. Til nota í fódurböndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxýlónum), t.d. þær sem innihalda yfir 45% hveiti
----	---	--	-----------------	---	--	---	--

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði
					Virknieiningar á hvert kilógramm heilfóðurs	Hámarksinnihald	
55	Endó-1,3(4)-beta- glúkanasi	Efnablanda endó-1,3(4)-beta- glúkanasa, framleiðdur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589/94), endó-1,4-beta- glúkanasa, framleiðdur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasa, framleiðdur með <i>Bacillus</i> <i>amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og basillólýsins, framleitt með <i>Bacillus</i> <i>amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 3 000 U ⁽⁶⁸⁾ /g	Eldisalkúnar	—	Endó-1,3(4)-beta- glúkanasi: 500 U	—	1. Í notunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kilógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 500 til 1 500 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 6 000 til 18 000 U alfa-amýlasi: 20 til 60 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 10 500 til 31 500 U
	EC 3.2.1.6						
	EC 3.2.1.4	Efnablanda endó-1,3(4)-beta- glúkanasa, framleiðdur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589/94), endó-1,4-beta- glúkanasa, framleiðdur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasa, framleiðdur með <i>Bacillus</i> <i>amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og basillólýsins, framleitt með <i>Bacillus</i> <i>amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 3 000 U ⁽⁶⁸⁾ /g	Mjólkurgrísir	2 mánuðir	Endó-1,3(4)- beta-glúkanasi: 1 500 U	—	1. Í notunarléiðbeiningum með auk- efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á kilógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500- 3 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500- 5 000 U alfa-amýlasi: 270-540 U basillólýsín: 225-450 U
	Alfa-amýlasi						
	EC 3.2.1.1	Efnablanda endó-1,3(4)-beta- glúkanasa, framleiðdur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589/94), endó-1,4-beta- glúkanasa, framleiðdur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasa, framleiðdur með <i>Bacillus</i> <i>amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og basillólýsins, framleitt með <i>Bacillus</i> <i>amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 3 000 U ⁽⁶⁸⁾ /g	Mjólkurgrísir	2 mánuðir	Endó-1,4-beta- glúkanasi: 2 500 U	—	1. Í notunarléiðbeiningum með auk- efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á kilógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500- 3 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500- 5 000 U alfa-amýlasi: 270-540 U basillólýsín: 225-450 U
	Basillólýsín						
	EC 3.4.24.28	Endó-1,4-beta-glúkanasi: 5 000 U ⁽⁶⁹⁾ /g					

		Alfa-amýlasi: 540 U (⁷¹)/g Basillólýsín: 450 U (⁷²)/g	Eldissvín	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 1 500 U Endó-1,4-beta-glúkánasi: 2 500 U Alfa-amýlasi: 270 U Basillólýsín: 225 U	—	<p>1. Í nokkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln</p> <p>2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 1 500-3 000 U endó-1,4-beta-glúkánasi: 2 500-5 000 U alfa-amýlasi: 270-540 U basillólýsín: 225-450 U</p> <p>3. Til nota í fôðurblöndur, auðugar af sterkju og fjölsykrum öðrum en sterkju, t.d. þær sem innihalda yfir 50% bygg</p>
			Eldiskjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 1 500 U Endó-1,4-beta-glúkánasi: 2 500 U Alfa-amýlasi: 270 U Basillólýsín: 225 U	—	<p>1. Í nokkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln</p> <p>2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 1 500-3 000 U endó-1,4-beta-glúkánasi: 2 500-5 000 U alfa-amýlasi: 270-540 U basillólýsín: 225-450 U</p> <p>3. Til nota í fôðurblöndur, auðugar af sterkju og fjölsykrum öðrum en sterkju, t.d. þær sem innihalda yfir 50% mais eða 50% hveiti</p>

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði
					Virknis- einingar á hvert kílógramm heilföðurs	Hámarksinnihald	
56	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasi, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og basillólýsins, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 6 000 U (⁶⁹)/g	Varphænur	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggþun
	Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín EC 3.4.24.28	Endó-1,4-beta-glúkanasi, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,4-beta-glúkanasi: 3 500 U (⁶⁹)/g Alfa-amýlasi: 1 400 U (⁷¹)/g Basillólýsín: 450 U (⁷²)/g	Eldiskjúklingar	—	Endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 U Alfa-amýlasi: 270 U Basillólýsín: 225 U	—	2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500-3 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500-5 000 U alfa-amýlasi: 270-540 U basillólýsín: 225-450 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af sterkju og fjölsykrum öðrum en sterkju, t.d. þær sem innihalda yfir 40% máis og 10% rúg
					Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 6 000 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 3 500 U Alfa-amýlasi: 1 400 U Basillólýsín: 450 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggþun 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 6 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 3 500 U alfa-amýlasi: 1 400 U basillólýsín: 450 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxyíönunum og beta-glúkónunum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% bygg

57	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkánasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín EC 3.4.24.28	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkánasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasa, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og basillólýsíns, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 3 000 U (⁶⁸)/g Endó-1,4 beta-glúkánasi: 9 000 U (⁶⁹)/g Alfa-amýlasi: 540 U (⁷¹)/g Basillólýsín: 450 U (⁷²)/g	Eldisjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 3 000 U Endó-1,4-beta-glúkánasi: 9 000 U Alfa-amýlasi: 540 U Basillólýsín: 450 U	—	1. Í notkunarleifbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 3 000 U endó-1,4-beta-glúkánasi: 9 000 U alfa-amýlasi: 540 U basillólýsín: 450 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af sterkju og fjölskrum öðrum en sterkju (einkum beðmi og hálfbeðmi, t.d. þær sem innihalda yfir 20% sólblómamjöl og 10% sojamjöl
58	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkánasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín EC 3.4.24.28	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkánasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasa, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og basillólýsíns, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 2 350 U (⁶⁸)/g Endó-1,4-beta-glúkánasi: 5 000 U (⁶⁹)/g Alfa-amýlasi: 400 U (⁷¹)/g Basillólýsín: 5 000 U (⁷²)/g	Mjólkurgrísir	2 mánuðir	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 2 350 U Endó-1,4-beta-glúkánasi: 5 000 U Alfa-amýlasi: 400 U Basillólýsín: 5 000 U	—	1. Í notkunarleifbeiningum með auk-efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 2 350 U endó-1,4-beta-glúkánasi: 5 000 U alfa-amýlasi: 400 U basillólýsín: 5 000 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölskrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxyfónum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% bygg

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnamúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði
					Virkniefningar á hvert kílógramm heilföðurs	Hámarksinnihald	
59	Endó-1,4-beta-xýlanasi	Efnablenda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiðdur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), endó-1,3(4)-beta-glúkanasa og alfa-amýlasi, framleiðdur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), súbitilisín, framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), fjölgalaktúrónasa, framleiðdur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589 94), með virkni að lágmarki: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U (⁴⁶)/g Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 150 U (²²)/g Súbitilisín: 4 000 U (⁶⁵)/g Alfa-amýlasi: 400 U (⁶⁵)/g Fjölgalaktúrónasi: 25 U (⁶⁶)/g	Eldiskjúklingar	—	Endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efnu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 150 U Súbitilisín: 4 000 U alfa-amýlasi: 400 U fjölgalaktúrónasi: 25 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af sterkju og öðrum fjölsýkrum en sterkju (einkum arabínóxyfíönum og beta-glúkónum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% mais
	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 150 U				—		
	Súbitilisín 4 000 U				—		
	Alfa-amýlasi: 400 U				—		
	Fjölgalaktúrónasi : 25 U				—		
60	Endó-1,4-beta-xýlanasi	Efnablenda endó-1,4-beta-xýlan-asa, framleiðdur með <i>Tricho-derma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), endó-1,3(4)-beta-glúkan-asa, framleiðdur með <i>Tricho-derma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), með virkni að lágmarki: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 5 000 U (⁴⁶) /ml Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 50 U (²²) /ml	Eldiskjúklingar	—	Endó-1,4-beta-xýlanasi: 500 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-efnu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 500-2 500 U endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 5-25 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxyfíönum), t.d. þær sem innihalda yfir 20% bygg og 40% hveiti
	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi				—		
	Fjölgalaktúrónasi				—		
	Alfa-amýlasi				—		
	Súbitilisín				—		

61	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 529.94), endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (CBS 526.94), með virkni að lágmarki: Duffform: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 17 000 BXU (⁷⁵)/g Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 11 000 BU (⁷⁵)/g Vökvaform: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 22 000 BXU/ml Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 15 000 BU/ml	Eldiskjúklingar	—	Endó-1,4-beta-xýlanasi: 17 000 BXU Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 11 000 BU	1. Í notunarleiðbeiningum með auk-efnina og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 17 000 BXU endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 11 000 BU 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxýlónum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% bygg eða 55% hveiti
----	--	---	-----------------	---	---	---

1. 1 FYT er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol ólfræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37°C.

22. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr bygg við pH 5,0 og 30°C.

75. 1 BU er magn þess ensíms sem leysir 0,06 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr bygg við pH 4,8 og 50°C.

74. 1 BXU er magn þess ensíms sem leysir 0,06 mikrómol afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr birki við pH 5,3 og 50°C.

46. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50°C.

50. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrógramm fenólsambands (týrósinjafngilda) á mínútu úr kaseínhvarfemi við pH 7,5 og 40°C.

65. 1 U er magn þess ensíms sem klýfur 1 mikrómol glúkósíðengja með vatnsrofi á mínútu úr vatnsóleysanlegu, vaxtengdu sterkjujöllduhvarfemi við pH 6,5 og 37°C.

66. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi efnis (galaktúrónsýrujafngilda) á mínútu úr fjöl-D-galaktúrónhvarfemi við pH 5,0 og 40°C.

67. 1 IU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr birki við pH 4,5 og 30°C.

68. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,0056 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr bygg við pH 7,5 og 30°C.

69. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,0056 mikrómol afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr karboxýmeylbeðmi við pH 4,8 og 50°C.

70. 1 U er magn þess ensíms sem klýfur 1 mikrómol af glúkósa með vatnsrofi á mínútu úr vaxtengdum sterkjujölldum við pH 7,5 og 37°C.

71. 1 U er magn þess ensíms sem klýfur 1 mikrómol glúkósíðenginga á mínútu með vatnsrofi úr vatnsóleysanlegum, vaxtengdum sterkjujölldum við pH 7,5 og 37°C.

72. 1 U er magn þess ensíms sem gerir 1 mikrógramm af asókaseíni leysanlegt í tríklorédikssýru á mínútu við pH 7,5 og 37°C.

73. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,0067 mikrómol afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr birki við pH 5,3 og 50°C.

Í 3. viðauka, D-hluta, 13. lið, Örverur bættist við eftirfarandi, sbr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2200/2001/EB:

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði
3	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> NCYC Sc 47	Efnablanda <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: 5×10^9 CFU/g aukefnis	Mjólkurkýr	—	4×10^8	2×10^9	Í notunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhluta, geymsluþol og þol við kögguln Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $5,6 \times 10^9$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar. $8,75 \times 10^9$ CFU er bætt við á hver umfram 100 kg líkamsþyngdar
5	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> CBS 493.94	Efnablanda <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: 1×10^8 CFU/g aukefnis	Mjólkurkýr	—	5×10^7	$3,5 \times 10^8$	Í notunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhluta, geymsluþol og þol við kögguln Magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $1,2 \times 10^9$ CFU á hver 100 kg líkamsþyngdar. $1,7 \times 10^8$ CFU er bætt við á hver umfram 100 kg líkamsþyngdar
19	<i>Streptococcus infantarius</i> CNCM I-841 <i>Lactobacillus plantarum</i> CNCM I-840	Blanda: <i>Streptococcus infantarius</i> og <i>Lactobacillus plantarum</i> sem inniheldur að lágmarki: <i>Streptococcus infantarius</i> $0,5 \times 10^9$ CFU/g og: <i>Lactobacillus plantarum</i> 2×10^9 CFU/g	Kálfar	6 mánuðir	<i>Streptococcus infantarius</i> : 1×10^9 <i>Lactobacillus plantarum</i> : $0,5 \times 10^9$	<i>Streptococcus infantarius</i> : 1×10^9 <i>Lactobacillus plantarum</i> : $0,5 \times 10^9$	Í notunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhluta, geymsluþol og þol við kögguln
20	<i>Bacillus licheniformis</i> DSM 5749 <i>Bacillus subtilis</i> DSM 5750 (í hlutfallinu 1/1)	Blanda: <i>Bacillus licheniformis</i> og <i>Bacillus subtilis</i> sem inniheldur að lágmarki: $3,2 \times 10^9$ CFU/g aukefnis (1,6 $\times 10^9$ CFU/g af hvorri bakteríu)	Gyltur	15 daga fyrir got og á mjólkurskeiði	$0,96 \times 10^9$	$1,92 \times 10^9$	Í notunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhluta, geymsluþol og þol við kögguln
			Eldissvin	—	$0,48 \times 10^9$	$1,28 \times 10^9$	Í notunarlíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhluta, geymsluþol og þol við kögguln

21	<i>Enterococcus faecium</i> DSM 3530	Efnablanda <i>Enterococcus faecium</i> sem inniheldur að lágmarki: 2,5 × 10 ⁹ CFU/g	Eldiskjálkingar	—	3,2 × 10 ⁹	3,2 × 10 ⁹	3,2 × 10 ⁹	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln Má nota í fóðurblöndur sem innihalda hin leyfðu hnislalyf: ampróflíum/etópabat, díkíasúrí, halófüginón, metíklórþindól/metýl-bensókat, natriummónensín, níkarbasín, róbenidín og natriumsalínómýsín
	Kálfar	6 mánuðir	1,28 × 10 ⁹	1,6 × 10 ⁹	1,6 × 10 ⁹	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln		
	Kálfar	6 mánuðir	1 × 10 ⁹	1 × 10 ⁹	1 × 10 ⁹	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögguln		

Í 3. viðauka D-hluta, 15. lið, Bindiefni geislavirkra kjarnategunda, bætist við eftirfarandi:

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Einaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði
1.1	Járn(III)ammoníum- hexasýanóferat(II)	$\text{NH}_4\text{Fe}(\text{OH})[\text{Fe}(\text{II})(\text{CN})_6]$	Jórturdýr (húsdýr og vilt dýr)	—	50	500	Í notkunarieiðbeiningum komi fram: „Magn járn(III)ammoníumhexasýanóferats(II) í dagskamnti skal vera á bilinu 10 til 150 mg á hver 10 kg líkamsþyngdar“
			Kálfar áður en jörtur hefst	—	50	500	Í notkunarieiðbeiningum komi fram: „Magn járn(III)ammoníumhexasýanóferats(II) í dagskamnti skal vera á bilinu 10 til 150 mg á hver 10 kg líkamsþyngdar“

3. gr.

Í 5. viðauka A-hluta, í töflu 3.1 um sérhöður, kemur eftirfarandi í stað texta sem er í dálknum „Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvinnrar lifrabílnar,“ sbr. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2002/1/EB:

Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir eiginleikar næringarefna	Tegundir eða flokkar dýra	Upplýsingar á merkimiðum	Ráðlegð lengd Notkunar	Önnur ákvæði
1	2	3	4	5	6
„Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvinnrar lifrabílnar	Hágeðaprótein, hóflegt próteinmagn, mikið af lífsnauðsynlegum fitusýrum og mikið af aðmeltanlegum kolvetnum	Hundar	— Próteingjafi/-ar — Innihald lífsnauðsynlegra fitusýra — Aðmeltanleg kolvetni, þ.m.t. meðhöndlun þeirra ef við á — Natríum — Heildarinnihald kopars	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, láttum eða merkimiðum: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis áður en notkun hefst eða áður en notkumartími er framlengdur.“ Í notkunarleiðbeiningum á umbúðum komi einnig fram: „Dýrin skulu ætíð hafa aðgang að vatni.“
	Hágeðaprótein, hóflegt próteinmagn og mikið af lífsnauðsynlegum fitusýrum	Kettir	— Próteingjafi/-ar — Innihald lífsnauðsynlegra fitusýra — Natríum — Heildarinnihald kopars	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, láttum eða merkimiðum: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis áður en notkun hefst eða áður en notkumartími er framlengdur.“ Í notkunarleiðbeiningum komi einnig fram: „Dýrin skulu ætíð hafa aðgang að vatni.“

4. gr.

5. tölulíður D-hluta 2. viðauka II. kafla reglugerðarinnar (Merkingar) orðast svo:

Umbúðir próteinfóðurs sem ætlað er fyrir loðdýr skulu vera greinilega merktar með eftirfarandi áletrun: „Þetta fóður inniheldur dýraafurðir – óheimilt er að gefa það dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis“. Auk þess skulu umbúðir alls fóðurs sem inniheldur dýraprótein vera greinilega merktar með nákvæmri efna- og innihaldslýsingu í samræmi við 15. gr. I. kafla, sbr. nánari ákvæði í 7., 8., 9. og 10. viðauka II. kafla, þar sem fram kemur að í fóðrinu séu dýraafurðir.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi og er sett með stoð í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og með hliðsjón af eftirtöldum gerðum sem vísað er til í I. viðauka II. kafla samningsins um Evrópska efnahagssvæðið; Gerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2013/2001/EB, 2200/2001/EB, 2205/2001/EB og 2380/2001/EB, eins og þeim var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2002 og tilskipun ráðsins nr. 2001/102/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2002/1/EB eins og þeim var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson

REGLUGERÐ

um dreifingu ösku utan kirkjugarðs.

Almennt ákvæði.

1. gr.

Sækja má um leyfi til dreifingar á ösku látinna einstaklinga til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Umsóknir.

2. gr.

Umsókn um leyfi til að dreifa ösku skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið leggur til. Í umsókninni skal koma fram:

1. Fullt nafn, kennitala og lögheimili þess sem sækir um leyfi til að dreifa ösku.
2. Fullt nafn, kennitala og dánardagur hins látna.
3. Heiti og/eða lýsing á þeim stað sem dreifa á öskunni á.
4. Skrifleg beiðni eða samþykki hins látna, ef fyrir liggur.
5. Ef ekki liggur fyrir skrifleg beiðni skv. lið 4, er nægilegt að lögð sé fram skrifleg staðfesting nánustu aðstandenda um að það hafi verið vilji hins látna að ösku hans yrði dreift.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu.

3. gr.

Þess er krafist að fyrir liggja skrifleg beiðni eða samþykki hins látna fyrir dreifingu öskunnar eða a.m.k. skrifleg staðfesting aðstandenda um að það hafi verið vilji hins látna að ösku hans yrði dreift.

4. gr.

Aðeins er heimilt að dreifa ösku látinna manna yfir haf og óbyggðir. Með þessu er verið að koma í veg fyrir að ösku látinna manna sé dreift yfir byggð, væntanlega byggð eða stöðuvötn.

5. gr.

Ekki er heimilt að setja upp minnisvarða, minningarplötu eða annars konar minnismerki á þeim stað þar sem öskunni er dreift eða annars staðar nálægt þeim stað.

6. gr.

Þegar aska hefur verið afhent úr líkhúsi til dreifingar er óheimilt að geyma hana og ber þeim sem leyfið hefur fengið að dreifa aðeins á þann stað sem samþykktur hefur verið.

7. gr.

Að öskudreifingu lokinni skal duftkeri tafarlaust skilað til bálstofunar í Reykjavík.

8. gr.

Sé sótt um leyfi til að dreifa ösku einhvers sem nú þegar hvílir í kirkjugarði, skal afla samþykkis biskups Íslands og héraðslæknis, sbr. 46. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, áður en unnt verður að framkvæma öskudreifinguna.

Skrifleg staðfesting.

9. gr.

Eftir að dreifing ösku hefur farið fram skal sá sem fengið hefur leyfið, leggja fram skriflega staðfestingu á þar til gerðu eyðublaði sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið leggur til, um að dreifing hafi átt sér stað í samræmi við reglugerð þessa. Skrifleg staðfesting skal berast ráðuneytinu eigi síðar en einu ári eftir að leyfi til dreifingar var veitt.

Upplýsingar til legstaðaskrár.

10. gr.

Þegar dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefur borist staðfesting þess efnis að dreifing hafi átt sér stað í samræmi við settar reglur og tilkynning um nákvæma staðsetningu dreifingar, skal ráðuneytið upplýsa legstaðaskrá Kirkjugarðasambands Íslands um það hvar öskunni hafi verið dreift.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 7. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36 frá 4. maí 1993, sbr. lög nr. 32 frá 16. apríl 2002, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. mars 2003.

Sólveig Pétursdóttir.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Lækjargötu - Hringbraut - Öldugötu“ vegna Rafhareits í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 17. desember 2002 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Lækjargötu - Hringbraut - Öldugötu“ vegna Rafhareits í Hafnarfirði.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 18. mars 2003.

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Vestmannaeyjum: Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum báðum megin við Strembugötu frá Strembugötu 15 upp að Dalavegi.

Jafnframt er auglýsing um umferð í Vestmannaeyjum nr. 90 frá 2003 felld úr gildi. Ákvörðun þessi hefur tekið gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 18. mars 2003.

Karl Gauti Hjaltason.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun eigna ríkisins.

1. gr.

Ríkisaðilar í A- og B-hluta ríkisreiknings skulu hverju sinni afla heimildar Alþingis til að selja eða láta af hendi með öðru móti einhverja fasteign ríkisins eða afnotarétt hennar.

Ríkisaðilar í A-hluta ríkisreiknings skulu auk þess sem segir í 1. málsg. afla lagaheimildar til að selja eftirtaldar eignir:

1. Eignarhluta í félögum.
2. Skip og flugvélar.
3. Söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti.
4. Aðrar eignir ríkisins sem verulegt verðgildi hafa og falla ekki undir 1.-3. tölulið þessarar málsgreinar.

Liggi gildar ástæður fyrir sölu eignar án þess að fyrir liggi lagaheimild skal í kaupsamningi tilgreina að salan fari fram með fyrirvara um heimild Alþingis síðar.

Ofangreind ákvæði gilda svo fremi að eigi sé kveðið á um annað fyrirkomulag í sér-lögum.

2. gr.

Einstök ráðuneyti skulu með skriflegu erindi óska eftir samþykki fjármálaráðuneytisins til að nýta lagaheimild til sölu/ráðstöfunar fasteigna, skipa og flugvéla.

Í erindi skal greina nákvæmlega frá þeim eignum sem óskað er eftir að verði seldar. Greina skal t.d. frá fastanúmeri fasteignar í Landskrá fasteigna og einkennisstöfum og tegund flugvéla og skipa. Jafnframt skal getið þeirrar lagaheimildar sem salan byggist á.

3. gr.

Ríkiskaup ráðstafa þeim eignum ríkisins samkvæmt 1. gr. sem ákveðið hefur verið að selja eða láta af hendi með öðru móti, sbr. þó 7. gr.

4. gr.

Ríkiskaup bjóða eignir skv. 2. gr. til sýnis og sölu með opinberri auglýsingu. Í auglýsingu skal taka fram hvar nánari upplýsingar eru veittar, skilafrest tilboðs ásamt öðrum þeim atriðum er söluna varða. Lágmarksverð skal ákveðið fyrirfram að höfðu samráði við fjármálaráðuneyti. Ríkiskaup meta tilboð sem berast og gera tillögu til fjármálaráðuneytisins sem ákvarðar hvaða tilboði er tekið í samráði við viðkomandi fagráðuneyti svo og með-eigendur ef við á. Tilboðsgjafar eiga rétt á að fá upplýsingar um hvaða tilboði hefur verið tekið.

Berist Ríkiskaupum engin tilboð innan skilafrests eða tilboð ná ekki lágmarksverði getur fjármálaráðuneytið ennfremur falið löggiltum fasteigna- og skipasölum að leita tilboða í eignir samkvæmt þessari grein og selja þær að höfðu samráði við ráðuneytið og eftir atvikum viðkomandi fagráðuneyti svo og með-eigendur ef við á. Sama á við ef framkomin tilboð eru ófullnægjandi að öðru leyti að mati fjármálaráðuneytis.

Komi í ljós við sölu eigna skv. þessari grein að ákvarðað lágmarksverð sé óraunhæft getur fjármálaráðuneytið endurskoðað það og ákveðið nýtt lágmarksverð.

5. gr.

Ríkiskaup bjóða bifreiðar, tæki og vélar til sýnis og sölu með opinberri auglýsingu og tilgreina í henni nauðsynlegar upplýsingar. Eignir þessar skulu seldar gegn staðgreiðslu.

6. gr.

Húsgögnum, tölvum, skrifstofuvélum og öðrum búnaði, sem ekki er áður getið um í reglugerð þessari, skal ráðstafað á hagkvæmasta hátt.

7. gr.

Sala á eignarhlutum ríkisins í fyrirtækjum fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra og þess ráðherra sem fer með eignarhlutann. Sama gildir um sölu eigna skv. 3. tl. 2. málsg. 1. gr. svo og sölu áður ótalinna eigna skv. 4. tl. 2. málsg. 1. gr.

8. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka eftir því sem við á einnig til sölu á íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins skv. lögum nr. 27/1968 með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 134/1996. Ennfremur taka ákvæði hennar eftir því sem við á til sölu/ráðstöfunar eigna sem A-hluta ríkis-aðilar hafa keypt við nauðungarsölu.

9. gr.

Fjármálaráðherra getur við sérstakar aðstæður veitt heimild til að víkja frá ákvæðum reglugerðar þessarar varðandi framkvæmd við sölu eigna ríkisins.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 51. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, sbr. 2. málsg. 70. gr. og 85. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 10. mars 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015, Sultartangalína 3, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Samkvæmt 14. gr. a., sbr. 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 17. mars 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Breytingin tekur til nýrrar línulegu sem er 50-60 metrum norðan við núverandi Sultartangalínu 1 með frávikum við Háafoss og Gullfoss auk þess sem línan fer suður fyrir núverandi línu vestan við Sandfell.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálandisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. apríl 2002 eftirtaldir tillögur að deiliskipulagi:

- Deiliskipulag fyrir byggðarkjarna í Árnesi norðan Þjóðvegur númer 32 sem meðal annars felur í sér íbúðarsvæði, skólahúsnæði, tjaldsvæði, verslunar- og þjónustu-

byggingu og aðstöðu fyrir útivist og hestamennsku. Sunnan Þjóðveggar er gert ráð fyrir athafnasvæði á 15 lóðum.

- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Minni-Mástungu sem gerir ráð fyrir níu frístundahúsalóðum.
- Deiliskipulag frístundabyggðar við Kálfá sem gerir ráð fyrir fimm frístundahúsalóðum.
- Deiliskipulag byggðar í Árnesi sunnan Þjóðveggar 32 þar sem gert er ráð fyrir 10 íbúðarhúsalóðum á stærðarbilinu 33.210 m² - 82.000 m².

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og tekur þegar gildi.

Árnesi, 6. mars 2003.

Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri.

1. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum verði þrír:

- | | | | | | |
|----------------------------|-----|------|--------|----|------|
| a) Almennur úrgangur | kr. | 2,25 | pr. kg | án | vsk. |
| b) Slátur- og fiskúrgangur | kr. | 3,50 | pr. kg | án | vsk. |
| c) Timbur | kr. | 1,50 | pr. kg | án | vsk. |

2. gr.

Gjaldskráin tekur gildi 1. apríl 2003.

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarráði 12. desember 2002 og í bæjarstjórn 17. desember 2002. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá á fundi sínum 10. mars 2003.

Akureyri, 17. mars 2003.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna,
nr. 148 1. mars 2000, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 5. gr., sbr. reglugerð nr. 837 26. október 2001, orðist svo:

Draga skal vikulega og eigi sjaldnar en fjórum sinnum í mánuði í hverjum flokki, en þó ekki oftari en 52 sinnum á happdrættisárinu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 53 25. maí 1976, lög nr. 24 26. mars 1987 og lög nr. 21 17. apríl 1997, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. mars 2003.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013,
breyting vatnsverndar í vesturhluta bæjarins; Kjarrheiði og Valsheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin tekur til vesturhluta Hveragerðisbæjar og felst í að aflétta vatnsvernd á svæði 1, 2 og 3; hringtorgi verði komið fyrir þar sem Kambahraun/Heiðmörk, Þelamörk og nýir vegir að fyrirhugaðri byggð skerast; verslunar- og þjónustusvæði við Þelamörk flyst úr austur- í vesturenda íbúðarbyggðar við Þelamörk, sem minnkar vegna stækkunar útivistarsvæðis í vesturenda þess og bætt er við útivistarsvæði vestan íbúðarbyggðar við Arnarheiði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980 - 2000, snjóflóðamannvirki ofan byggðar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980-2000 frá 15. mars 1982.

Breytingin er fólgin í því að að svæði sem fara undir snjóflóðagarða, dalverpi og snjóflóðavarnarstöðvirki eru skilgreind sérstaklega en falla innan landnotkunar opinna svæða - almennra útivistarsvæða. Einnig breytast um 3,2 ha lands úr flokknum sérhæfð útivistarsvæði og opin svæði í opin svæði - almenn útivistarsvæði og við norðurenda svæðisins breytist landnotkun á um 1,2 ha svæði úr flokknum íbúðarsvæði í opin svæði - almenn útivistarsvæði auk þess sem vegur inn á íbúðarsvæðið fellur út. Nyrst á svæðinu verður opnu svæði - almennu útivistarsvæði breytt í efnistökusvæði sem er alls á um 15,5 ha lands. Jafnframt verður um 16 ha svæði norðan við snjóflóðagarðana skilgreint sem efnislosunarsvæði í stað opins svæðis - almenns útivistarsvæðis. Lega vegslóða sem liggur upp að stofnanasvæði í Hvanneyrarskál færast vegna garðanna en einnig bætist við vegslóði frá núverandi snjóflóðavarnargarði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sandgerði.

Deiliskipulag við Bogabraut og Holtsgötu.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur þann 8. maí 2002 samþykkt deiliskipulag íbúðarsvæðis við Bogabraut og Holtsgötu.

Svæðið afmarkast af Oddnýjarbraut að norðan, Holtsgötu að vestan, austur fyrir Oddnýjarhól, og að sunnan við lóðamörk lóða við Bogabraut.

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 18. mars 2003.

F.h. Sandgerðisbæjar,

Guðfinnur G. Þórðarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Holt í Önundarfirði - Friðarsetur, sjálfseignarstofnun.

1. gr.

Stofnunin nefnist Holt í Önundarfirði – Friðarsetur, sjálfseignarstofnun.

Heimili stofnunarinnar er að Holti, 425 Flateyri.

Stofnendur eru:

1. Ísafjarðarprófastsdæmi
2. Kirkjusóknir í Önundarfirði - þ.e. Flateyrarsókn, Holtssókn og Kirkjubólssókn.

2. gr.

Sjálfseignarstofnunin rekur kirkju-, félags- og menningarmiðstöð á eigin ábyrgð í hús-næði fyrrum Holtsskóla, sem stendur á landi prestssetursjarðarinnar að Holti í Önundarfirði.

Hlutverk sjálfseignarstofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi svo sem fundum, námskeiðum, fræðslu, helgihaldi, fjölþjóðastarfi, sumardvöl, friðardögum o.fl. Ennfremur skal stofnunin skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

3. gr.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er

Fasteignin Holtsskóli, Holti, Önundarfirði, en fasteignamat er kr. 6.278.000, sbr. meðfylgjandi vottorð.

Tekjur eru framlög stofnaðila, kirkjuráðs og velunnara, styrkveitingar, auk væntanlegra tekna af rekstri.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar sitja 5 menn:

Prófastur Ísafjarðarprófastsdæmis, sem jafnframt er formaður.

Sóknarprestur í Holti, sem er varaformaður.

1 tilnefndur af héraðsfundi Ísafjarðarprófastsdæmis (og 1 til vara).

2 tilnefndir af sóknarnefndum í Önundarfirði (og 2 til vara).

Héraðsfundur Ísafjarðarprófastsdæmis tilnefnir varamann prófasts, sem skal að jafnaði vera prestur í héraðsnefnd prófastsdæmisins verði því við komið. Ef sóknarprestur í Holti er jafnframt prófastur skal héraðsfundur tilnefna annan prest úr prófastsdæminu sem stjórnarmann. Varamaður sóknarprests í Holti er sá prestur, sem leysir hann af í fjarveru eða föllum.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra að frátöldum prófasti og sóknarpresti eru tilnefndir til 2 ára í senn.

5. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal sjá til þess að markmiðum skipulagsskrár þessarar sé fullnægt eftir því sem efni og aðstæður leyfa hverju sinni. Enn fremur að rekstur og fjármál séu jafnan í góðu horfi. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk telji hún þess þörf og ákveður hver skuli fara með prókúru stofnunarinnar.

Stjórnin skal halda gjörðabók þar sem skráðar eru ákvarðanir stjórnar og meginatriði funda svo og framlög aðila.

Stjórnin skal sjá til þess að skráð sé í starfsbók a) allt starf sem stofnunin stendur fyrir og b) önnur notkun á húsinu.

Stjórnin skilar árlega starfsskýrslu og endurskoðuðum reikningum til þeirra aðila sem tilnefna í stjórn eigi síðar en 30. apríl ár hvert vegna næstliðins árs.

Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti og ákveður röð varamanna til trúnaðarstarfa eftir því sem þörf krefur.

6. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 hluta stjórnarstofnunarinnar, meirihluta héraðsfundar Ísafjarðarprófastsdæmis og sameiginlegs sóknarnefndarfundar í Öfundarfirði. Sama gildir ef fyrirhugað er að sameina sjálfseignarstofnunina öðrum aðila.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, ráðstafar kirkjuráð þjóðkirkjunnar eignum hennar.

8. gr.

Umboð stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar telst hefjast 1. október 2002 og miðast upphafstími stjórnarsetu tilnefndra stjórnarmanna við þann tíma. Tilnefning stjórnarmanna gildir til loka septembermánaðar árið 2004 og gildir það allt að einu þótt ekki hafi tekist að afla staðfestingar á skipulagsskrá stofnunarinnar eða lögmætrar skráningar fyrir 1. október 2002.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. mars 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Malbikunarstöðina Höfða hf.*, kt. 581096-2919 fyrir malbikunarstöð að Sævarhöfða 6–10, Reykjavík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Prímex ehf.*, kt. 681197-2819, á Siglu-firði, fyrir framleiðslu á kítín og kítósan. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun, 17. mars 2003.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður.*

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Jarðbaðshóla, Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag við Jarðbaðshóla í Skútustaðahreppi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mývatnssveit, 17. mars 2003.

F.h. Skútustaðahrepps,

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. p bætist við ný grein, 2. gr. q, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2002 frá 27. september 2002 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002 frá 31. júlí 2002 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi, sbr. aðlögunarákvæði 10. gr. og 2. tölul. 12. gr. rg. framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002.

Framangreind EB-gerð felur í sér breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1475/95 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja, sbr. reglugerð nr. 564/1996 í B-deild Stjórnartíðinda og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 51/1996, bls. 71-80 (ákvörðun og EB-gerð).

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í tölublaði nr. 61/2002, bls. 31). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 19. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1400/2002**

frá 31. júlí 2002

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum lóðrétttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækjaFRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1215/1999 ⁽²⁾, einkum 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽³⁾,að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnis-
hömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reynsla, sem fengist hefur á sviði vélknúinna ökutækja að því er varðar dreifingu á nýjum vélknúnum ökutækjum, varahlutum og viðhaldsþjónustu, gerir kleift að skilgreina flokka lóðrétttra samninga sem teljast venjulega geta fullnægt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr.
- 2) Þessi reynsla leiðir til þeirrar niðurstöðu að á þessu sviði sé þörf á strangari reglum en þeim sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðrétttra samninga og samstilltra aðgerða ⁽⁴⁾.
- 3) Þessar strangari reglur um hópundanþágu (undanþáguna) skulu gilda um lóðrétttra samninga um kaup eða sölu á nýjum vélknúnum ökutækjum, lóðrétttra samninga um kaup eða sölu á varahlutum í vélknúinn ökutæki og lóðrétttra samninga um kaup eða sölu á viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir slík ökutæki þar sem slíkir samningar eru gerðir milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni, milli tiltekinnna samkeppnisaðila eða milli tiltekinnna samtaka vörusmáala eða viðgerðarverkstæða. Í þessu felast lóðréttir samningar sem gerðir eru milli dreifingaraðila í smásölu eða viðurkennds viðgerðaraðila annars vegar og (undir)dreifingaraðila eða viðgerðaraðila hins vegar. Þessi reglugerð gildir einnig um þessa lóðrétttra samninga þegar í þeim eru viðbótarákvæði um framsal eða notkun hugverkaréttinda. Hugtakið „lóðréttir samningar“ skal skilgreina á þá leið að í því felist bæði slíkir samningar og samsvarandi samstilltar aðgerðir.

- 4) Sá ávinningur, sem undanþága felur í sér, skal takmarkast við lóðrétttra samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr.
- 5) Lóðréttir samningar í þeim flokkum, sem eru skilgreindir í þessari reglugerð, geta bætt efnahagslega skilvirkni innan framleiðslu- eða dreifingarferlis með því að greiða fyrir samræmingu milli sammingsfyrirtækja. Þeir geta einkum leitt til lækkunar á viðskipta- og dreifingarkostnaði aðilanna og til háværkunar á sölu þeirra og fjárfestingum.
- 6) Líkurnar á því að áhrif, er leiða til aukinnar hagkvæmni, vegi þyngra en hvers konar samkeppnishamlandi áhrif vegna takmarkana í lóðréttum samningum ráðast af markaðsstyrk hlutaðeigandi fyrirtækja og því í hve miklum mæli aðrir birgjar veita samkeppni í vörum og þjónustu sem kaupandinn telur jafngilda eða hliðstæða út frá einkennum vörunnar, verði og fyrirhuguðum notum.
- 7) Viðmiðunarmörk, sem byggjast á markaðshlutdeild, skulu vera sett þannig að þau endurspegli markaðsítök birgja. Enn fremur skal þessi reglugerð um einstök svið fela í sér strangari reglur en þær sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2790/1999, einkum fyrir sérvalda dreifingu. Viðmiðunarmörkin, sem miðað er við þegar gert er ráð fyrir að kostirnir, sem tryggðir eru með lóðréttum samningum, vegi upp á móti hamlandi áhrifum þeirra, skulu vera breytileg eftir því af hvaða toga hinar ýmsu gerðir lóðrétttra samninga eru. Því má yfirleitt gera ráð fyrir því að lóðréttir samningar feli í sér slíkan ávinning ef viðkomandi birgir hefur markaðshlutdeild sem er allt að 30% af dreifingarmarkaði nýrra, vélknúinna ökutækja eða varahluta eða allt að 40% markaðshlutdeild á markaði þar sem magnbundin, sérvalin dreifing er notuð við sölu nýrra, vélknúinna ökutækja. Varðandi viðhaldsþjónustu má gera ráð fyrir því að lóðréttir samningar, þar sem birgirinn setur viðmiðanir um hvernig viðurkenndir viðgerðaraðilar skuli veita viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúinn ökutæki tiltekinnar tegundar og sér til þess að þeir fái tæki og þjálfun til að veita slíka þjónustu, feli yfirleitt í sér slíkan ávinning ef net viðurkenndra viðgerðaraðila viðkomandi birgis hefur markaðshlutdeild sem er allt að 30%. Ef í lóðréttum samningum er að finna skuldbindingu um einkasölu er það markaðshlutdeild kaupandans sem skiptir máli þegar heildaráhrif slíkra lóðrétttra samninga á markaðinn eru ákvörðuð.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 36, 6.3.1965, bls. 533/65.⁽²⁾ Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. EB C 16.3.2002, bls. 2.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 336, 29.12.1999, bls. 21.

- 8) Fyrir ofan þessi viðmiðunarmörk markaðshlutdeildar er ekki hægt að gera ráð fyrir að lóðréttir samningar, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., hafi að jafnaði í för með sér slíkan ávinning og svo mikinn að hann vegi þyngra en ókostirnir sem hann skapar samkeppninni. Þó má búast við slíkum ávinningi þegar um er að ræða ómagnbundna, sérvalda dreifingu þrátt fyrir markaðshlutdeild birgis.
- 9) Til þess að koma í veg fyrir að birgir segi upp samningi vegna þess að dreifingaraðili eða viðgerðaraðili sýnir með hegðun sinni mikinn samkeppnisvígðing, stundar t.d. virka eða óvirka sölu til erlendra neytenda, selur mörg vörumerki eða gerir samninga um viðgerðir og viðhald við undirverktaka, skal uppsögnin vera skýrt fram sett og skrifleg og ástæður hennar bæði hlutlægar og gagnsæjar. Enn fremur, til að stuðla að því að dreifingaraðilar og viðgerðaraðilar séu sjálfstæðir birgjum sínum, skal veita lágmarksfrest til að tilkynna að samningar, sem gilda í takmarkaðan tíma, verði ekki endurnýjaðir og tilkynna um uppsögn samninga til ótiltekins tíma.
- 10) Í því skyni að efla samþættingu á markaðnum og að veita dreifingaraðilum eða viðurkenndum viðgerðaraðilum fleiri viðskiptatækifæri skal dreifingaraðilum eða viðurkenndum viðgerðaraðilum heimilt að kaupa önnur fyrirtæki sömu tegundar sem selja eða gera við vélknúin ökutæki með sama vörumerki innan dreifingarkerfisins. Í þessu skyni skal í öllum lóðréttum samningum milli birgis og dreifingaraðila eða viðgerðaraðila kveðið á um að síðarnefndi aðilinn eigi rétt á að yfirfæra öll réttindi sín og skyldur yfir til annars fyrirtækis sem selur eða gerir við vélknúin ökutæki með sama vörumerki í dreifingarkerfinu.
- 11) Til að stuðla að skjótri lausn deilumála sem koma upp milli aðila vegna dreifingarsamnings, sem annars gæti hindrað virka samkeppni, gildir undanþága því aðeins um samninga að í þeim sé kveðið á um að hver aðili geti skotið málinu til sjálfstæðs sérfræðings eða gerðarmanns, einkum ef samningi hefur verið sagt upp.
- 12) Hver svo sem markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækis kann að vera tekur þessi reglugerð ekki til lóðrétra samninga sem í eru tilteknar, strangar samkeppnishömlur (alvarlegar takmarkanir), sem greinilega hamla almennt samkeppni jafnvel þegar markaðshlutdeild er lítil, og þær eru ekki nauðsynlegar til að ná þeim jákvæðu áhrifum sem nefnd eru hér að framan. Þetta á einkum við um lóðréttu samninga sem í eru tilteknar, strangar samkeppnishömlur á borð við lágmarksverð eða fast endursöluverð og, með vissum undantekningum, takmarkanir á landsvæðum eða viðskiptamönnum þar sem dreifingaraðili eða viðgerðaraðili selur samningsvörur eða þjónustu. Undanþágan nær ekki til slíkra samninga.
- 13) Nauðsynlegt er að tryggja að ekki séu hömlur á virkri samkeppni á sameiginlegum markaði og milli dreifingaraðila sem staðsettir eru í mismunandi aðildarríkjum ef birgir notar sérvalda dreifingu á sumum mörkuðum og annars konar dreifingu á öðrum. Einkum skulu samningar um sérvalda dreifingu, sem takmarkar óvirka sölu til notenda eða dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir, á mörkuðum þar sem eingöngu er einkasala, ekki falla undir undanþágu, einnig þeir samningar um sérvalda dreifingu sem takmarka virka sölu til hópa viðskiptamanna sem dreifingaraðilar hafa fengið. Undanþágan skal einnig taka til samninga um einkadreifingu ef hömlur eru á virkri eða óvirkri sölu til notenda eða dreifingaraðila á mörkuðum þar sem sérvalin dreifing er notuð.
- 14) Réttur dreifingaraðila til óvirkrar sölu á nýjum, vélknúnum ökutækjum eða, þar sem við á, virkrar sölu til notenda skal fela í sér rétt til að selja slík ökutæki notendum sem hafa heimilað að milliliður eða innkaupaðili kaupi, taki við, flytji eða geymi ný, vélknúin ökutæki fyrir þá.
- 15) Réttur dreifingaraðila til að selja ný, vélknúin ökutæki eða varahluti eða réttur viðurkennds viðgerðaraðila til að selja notanda viðgerðar- og viðhaldsþjónustu óvirkt eða virkt, þar sem við á, ætti að fela í sér rétt til að nota Netið eða vefsetur sem vísað er til.
- 16) Takmarkanir, sem birgjar setja á sölu dreifingaraðila sinna til notenda í öðrum aðildarríkjum, t.d. þar sem þóknun dreifingaraðila eða innkaupsverð er háð ákvörðunarstað ökutækjanna eða búsetu notenda, jafngilda óbeinum takmörkunum á sölu. Önnur dæmi um óbeinar takmarkanir á sölu eru birgðakvótar sem byggjast á öðru sölusvæði en hinum sameiginlega markaði, hvort sem þeir tengjast sölumarkmiði eða ekki. Ágóðahlutdeildarkerfi, sem byggjast á ákvörðunarstað ökutækjanna eða einhvers konar mismunun að því er varðar vörubirgðir til dreifingaraðila, hvort heldur er vöruskortur eða af öðrum ástæðum, jafngildir einnig óbeinum takmörkunum á sölu.
- 17) Lóðréttir samningar, þar sem viðurkenndir viðgerðaraðilar í dreifingarkerfi birgis skuldbinda sig til að uppfylla ábyrgðarskyldu, veita ókeypis þjónustu og vinnu í sambandi við innköllun vélknúinna ökutækja viðkomandi gerðar, sem seld eru á sameiginlegum markaði, jafngilda óbeinum takmörkunum á sölu og skal undanþágan ekki taka til þeirra. Þessi skuldbinding hefur ekki áhrif á rétt birgis vélknúins ökutækis til að skuldbinda dreifingaraðila til að sjá til þess að ábyrgðarskyldur séu uppfylltar að því er varðar ný, vélknúin ökutæki sem hann hefur selt og að annaðhvort dreifingaraðilinn sjálfur eða viðurkenndur viðgerðaraðili, ef um undirverktaka er að ræða, veiti ókeypis þjónustu og vinnu í sambandi við innköllun vélknúinna ökutækja. Því eiga neytendur í slíkum tilvikum að geta snúið sér til dreifingaraðila ef viðurkenndi viðgerðaraðilinn, sem dreifingaraðilinn fékk sem undirverktaka til að sjá um þessa þjónustu,

hefur ekki staðið við framangreindar skuldbindingar. Til þess að gera dreifingaraðilum kleift að selja vélknúin ökutæki notendum hvar sem er á sameiginlega markaðnum skal undanþágan eingöngu gilda um dreifingarsamninga, sem kveða á um að viðgerðaraðili í dreifingarkerfi birgis annist viðgerðar- og viðhaldsþjónustu á samningsvörum og samsvarandi vörum án tillits til þess hvar vörurnar eru seldar á sameiginlega markaðnum.

- 18) Á mörkuðum, þar sem sérvalin dreifing tíðkast, skal undanþágan gilda þegar dreifingaraðila er bannað að reka starfsemi sína í annarri starfsstöð en þar sem hann er dreifingaraðili ökutækja, annarra en fólksbifreiða eða léttra vöruf lutningabifreiða. En þetta bann skal ekki undanþegið ef það takmarkar útbreiðslu starfsemi dreifingaraðilans í viðurkenndri starfsstöð, t.d. með því að takmarka þróun eða kaup á grunnvirki, sem þarf til að hægt sé að auka sölua, t.d. með sölu á Netinu.
- 19) Ekki er rétt að undanþiggja lóðréttan samning sem hamlar þátttakendum í dreifingarkerfinu að selja upprunalega varahluti eða varahluti af samsvarandi gæðum sjálfstæðum viðgerðaraðilum sem nota þá til viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Ef sjálfstæðir viðgerðaraðilar hafa ekki aðgang að slíkum varahlutum standast þeir ekki samkeppni við viðurkennda viðgerðaraðila þar sem þeir gætu ekki veitt neytendum þá gæðþjónustu sem stuðlar að öryggi og áreiðanleika ökutækjanna.
- 20) Í því skyni að veita notendum rétt á að kaupa ný, vélknúin ökutæki með sams konar forskriftum og þau sem dreifingaraðili með staðfestu á sameiginlegum markaði, sem selur samsvarandi gerðir, selur í öðrum aðildarríkjum skal undanþágan eingöngu gilda um lóðréttan samninga sem gera dreifingaraðilanum fært að panta, eiga birgðir og selja ökutæki sem samsvara gerð sem samningurinn nær til. Ef verulegur munur er á söluskilmálum, einkum með tilliti til afhendingartíma eða verðs sem birgirinn setur á samsvarandi ökutæki, eða þeir eru ekki rökstuddir á hlutlægan hátt ber að líta á svo á að dreifingaraðilinn hafi takmarkaða möguleika á að selja slík ökutæki.
- 21) Vélknúin ökutæki eru dýr og tæknilega flókin, færanleg vara sem þarfnast viðgerðar og viðhalds með jöfnu millibili eða af og til. En það er ekki nauðsynlegt að dreifingaraðili nýrra, vélknúinna ökutækja

annist einnig viðgerðir og viðhald. Lögmatra hagsmuna birgja og notanda er að fullu gætt ef dreifingaraðilinn fær einn eða fleiri viðgerðaraðila sem undirvertaka til að annast þessa þjónustu, þ.m.t. að uppfylla ábyrgðarskyldu, veita ókeypis þjónustu og vinnu í sambandi við innköllun vélknúinna ökutækja. Þó er rétt að auðveldaða aðgang að viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Því getur birgir krafist þess að dreifingaraðili, sem hefur gert undirvertakasamning við einn eða fleiri viðurkenndan viðgerðaraðila til að annast viðgerðar- og viðhaldsþjónustu, láti notendum í té nafn og heimilisfang viðkomandi viðgerðarverkstæðis eða -verkstæða. Ef þessir viðurkenndu viðgerðaraðilar hafa ekki aðsetur í nágrenni við sölustaðinn getur birgir krafist þess af dreifingaraðila að hann segi notendum hve langt frá sölustaðnum viðgerðarverkstæðið eða -verkstæðin eru. En birgir getur því aðeins krafist þessa ef hann krefst hins sama af dreifingaraðila sem reka eigið viðgerðarverkstæði en ekki á sama stað og sölustaðurinn.

- 22) Enn fremur er ekki nauðsynlegt, til að veita viðunandi viðgerðar- og viðhaldsþjónustu, að viðurkenndur viðgerðaraðili selji einnig ný, vélknúin ökutæki. Undanþágan skal því ekki taka til lóðréttan samninga sem fela í sér einhverjar beinar eða óbeinar skuldbindingar eða hvatningu sem leiðir til þess að sölustarfsemi og þjónustustarfsemi verði tengdar saman eða sem gerir framkvæmd annarrar starfseminnar háða framkvæmd hinnar. Þetta á einkum við þegar þóknun til dreifingaraðila eða viðurkenndra viðgerðaraðila fyrir kaup eða sölu á vörum eða þjónustu, sem nauðsynleg er annarri starfseminni, er bundin kaupum eða sölu á vörum eða þjónustu hinnar starfseminnar, eða þegar allar slíkar vörur og þjónusta er samanlögð í eitt þóknunar- eða afsláttarkerfi svo að ekki verður aðgreint.
- 23) Til að tryggja virka samkeppni á viðgerðar- og viðhaldsmarkaðnum og til að viðgerðaraðilar geti boðið notendum samkeppnishæfa varahluti, svo sem upprunalega varahluti og varahluti af samsvarandi gæðum, skal undanþágan ekki taka til lóðréttan samninga sem hefta möguleika viðurkenndra viðgerðaraðila innan dreifingarkerfis ökutækjaframleiðanda, sjálfstæðra dreifingaraðila varahluta, sjálfstæðra viðgerðaraðila eða notanda upprunalegra varahluta frá framleiðanda slíkra varahluta eða frá þriðja aðila að eigin vali. Þetta hefur ekki áhrif á bótaábyrgð framleiðenda varahluta samkvæmt einkamálarétti.

- 24) Enn fremur, til að viðurkenndir og sjálfstæðir viðgerðaraðilar og notendur geti þekkt framleiðanda íhluta vélknúins ökutækis eða varahluta og þeir eigi val um varahluti sem eiga í samkeppni sín á milli, skal undanþágan ekki taka til samninga þar sem framleiðandi vélknúinna ökutækja takmarkar möguleika framleiðanda íhluta eða upprunalegra varahluta á að setja vörumerki sitt eða kennimerki á hlutina á skilvirkan og greinilegan hátt. Enn fremur, til að auðveldi val og sölu á varahlutum sem hafa verið framleiddir í samræmi við forskriftir og framleiðslu- og gæðastaðla framleiðanda ökutækisins fyrir framleiðslu íhluta eða varahluta, er gengið út frá því að varahlutir séu upprunalegir ef framleiðandi varahlutar gefur út vottorð um að varahlutirnir séu af sömu gæðum og íhlutirnir, sem notaðir eru í samsetningu vélknúins ökutækis, og hafi verið framleiddir í samræmi við þessar forskriftir og staðla. Heimilt er að selja aðra jafngóða varahluti ef framleiðandi íhlutanna getur gefið út vottorð hvenær sem er um að þeir séu af samsvarandi gæðum og íhlutirnir sem eru notaðir í samsetningu á tilteknu, vélknúna ökutæki.
- 25) Undanþágan skal ekki taka til lóðrétttra samninga sem hamla því að viðurkenndir viðgerðaraðilar noti varahluti af samsvarandi gæðum í viðgerðir eða viðhald á vélknúna ökutæki. Ef framleiðanda ökutækis ber samkvæmt samningi að uppfylla ábyrgðarskyldu varðandi viðgerðir, veita ókeypis þjónustu og vinnu í sambandi við innköllun vélknúinna ökutækja skal undanþágan taka til samninga sem fela í sér skuldbindingu af hálfu viðurkenndra viðgerðaraðila um að nota upprunalega varahluti frá framleiðanda ökutækisins til slíkra viðgerða.
- 26) Í því skyni að vernda virka samkeppni á markaði viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og til að útiloka ekki sjálfstæða viðgerðaraðila skulu framleiðendur vélknúinna ökutækja veita öllum sjálfstæðum rekstraraðilum, sem áhuga hafa, fullan aðgang að öllum tækniupplýsingum, bilanagreini og öðrum búnaði, verkfærum, þ.m.t. öllum hugbúnaði sem máli skiptir og þjálfun sem þarf til viðgerða og viðhalds á vélknúnum ökutækjum. Sjálfstæðir rekstraraðilar, sem skulu hafa slíkan aðgang, eru einkum sjálfstæðir viðgerðaraðilar, framleiðendur búnaðar eða verkfæra sem eru notuð til viðgerða, útgefendur tækniupplýsinga, bifreiðaklúbbar, vegapjónustufyrirtæki, rekstraraðilar sem annast eftirlits- og prófunarþjónustu og rekstraraðilar sem annast þjálfun viðgerðaraðila. Einkum skal ekki mismuna viðurkenndum rekstraraðilum og sjálfstæðum að því er varðar aðgang, en hann skal veittur þegar um er beðið, án ótilhlýðilegra tafa, og sömuleiðis skal gjaldið fyrir upplýsingarnar ekki verða til að draga úr aðgangi sjálfstæðra rekstraraðila en taka ber tillit til þess að hvaða marki þeir nýta sér hann. Þess ber að krefjast að birgjar vélknúinna ökutækja veiti sjálfstæðum rekstraraðilum aðgang að tæknilegum upplýsingum um ný vélknúin ökutæki á sama tíma og viðurkenndir viðgerðaraðilar fá slíkan aðgang og megi ekki skylda sjálfstæða aðila til að kaupa meira en þær upplýsingar sem þeir þurfa til að innna af hendi umrædda vinnu. Birgjum skal gert skylt að veita aðgang að þeim tæknilegu upplýsingum sem þarf til að endurstilla rafeindabúnað í vélknúnum ökutækjum. Þó er rétt að banna aðgang að tæknilegum upplýsingum sem leiða til þess að þriðji aðili gæti tengt fram hjá eða aftengt innbyggt þjófavamerkerfi, endurkvarðað rafeindabúnað eða átt við búnað, sem t.d. takmarkar hraða vélknúins ökutækis, nema hægt sé að verjast þjófnaði, endurkvörðun eða fíkti eftir öðrum leiðum sem ekki eru eins takmarkandi. Hugverkarréttinda og réttinda varðandi verkunnáttu, þ.m.t. réttinda sem tengjast fyrrnefndum búnaði, skal neytt á þann hátt að þau leiði ekki til misnotkunar.
- 27) Til þess að tryggja aðgang að viðkomandi mörkuðum og hindra leynilegt samráð á þeim og til að veita dreifingaraðilum tækifæri til að selja ökutækjagerðir frá tveimur framleiðendum eða fleiri, sem eru ótengd fyrirtæki, er undanþágan háð nokkrum skilyrðum. Þannig skal undanþágan ekki taka til skuldbindinga um að taka ekki þátt í samkeppni. Einkum skal bann við sölu á samkeppnistegundum ekki undanskilið, með fyrirvara um að birgir geti farið fram á að dreifingaraðili sýni ökutækin á svæðum í sýningarsalnum þar sem vörumerki eru sér til þess að ekki verði villst á mismunandi vörumerkjum bifreiða. Það sama gildir um þá skuldbindingu að sýna allt úrvalið af ökutækjunum ef það gerir sölu eða sýningu á ökutækjunum, sem eru framleidd af ótengdum fyrirtækjum, ómögulega eða óeðlilega erfiða. Enn fremur er sú skuldbinding að hafa sérstakt sölufólk til að selja tiltekin vörumerki talin vera óbein skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni og skal því undanþágan ekki taka til hennar, nema dreifingaraðilinn ákveði að hafa sérstakt sölufólk til að selja tiltekin vörumerki og birgirinn greiði allan viðbótarkostnað sem tengist því.
- 28) Til að tryggja að viðgerðaraðilar geti annast viðgerðir eða viðhald á öllum vélknúnum ökutækjum skal undanþágan ekki gilda um skuldbindingar sem takmarka möguleika viðgerðaraðilanna til að annast viðgerðar- eða viðhaldsþjónustu á vörumerkjum birgja sem þeir eiga í samkeppni við.
- 29) Auk þess þarf að setja sérstök skilyrði til að útiloka tilteknar takmarkanir sem stundum eru settar þegar um er að ræða sérvalið dreifikerfi á gildissviði undanþágunnar. Þetta á einkum við um skuldbindingar sem hafa þau áhrif að þær hindra þátttakendur sérvalins dreifikerfis í að selja vörumerki frá tiltekn- um birgjum sem eiga í samkeppni, en það gæti auðveldlega leitt til þess að tiltekin vörumerki verði útilokuð. Nauðsynlegt er að setja viðbótarskilyrði til þess að stuðla að samkeppni innan vörumerkja og markaðssambættingu á hinum sameiginlega markaði til að skapa tækifæri fyrir dreifingaraðila og viður

- kennda viðgerðaraðila sem vilja grípa viðskipta-tækifæri utan starfsstöðvar sinnar og skapa skilyrði sem leyfa dreifingaradilum, sem selja mörg vörumerki, að þróast. Ber því ekki að undanþiggja takmörkun á rekstri sem ekki er viðurkennd utan starfsstöðvar til dreifingar á fólksbifreiðum og léttum vöruflutningabifreiðum eða til að annast viðgerðar- og viðhaldsþjónustu þess. Birgirinn getur krafist að opnaðir verði fleiri sölu- eða afhendingarstaðir fyrir fólksbifreiðar og léttar vöruflutningabifreiðar eða fengið fleiri viðgerðarverkstæði til að standast þær ómagnbundnu viðmiðanir sem gilda fyrir svipaða sölustaði á sama landsvæði.
- 30) Undanþágan skal ekki gilda um takmarkanir á möguleikum dreifingaradila til að selja leigjuþjónustu fyrir vélknúin ökutæki.
- 31) Takmarkanir á markaðshlutdeild, sú staðreynd að tilteknir, lóðréttir samningar fá ekki undanþágu og skilyrðin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru að jafnaði trygging fyrir því að samningsfyrirtækin geti ekki, með samningum sem falla undir undanþáguna, útrýmt samkeppni að því er tekur til verulegs hluta þeirra vara eða þjónustu sem um er að ræða.
- 32) Framkvæmdastjórnin getur fellt niður undanþáguna í sérstökum tilvikum þegar samningar, sem undanþágan nær að öllu jöfnu til, hafa engu að síður áhrif sem eru ósamrýmanleg ákvæðum í 3. mgr. 81. gr. Þetta getur einkum gerst ef kaupandi hefur umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði þar sem hann endurselur vörur eða veitir þjónustu eða þar sem samhliða net lóðréttira samninga hafa svipuð áhrif og torvelda verulega aðgang að eða samkeppni á viðkomandi markaði. Slík samlegðaráhrif geta t.d. komið upp í sérvalinni dreifingu. Framkvæmdastjórnin getur einnig fellt niður undanþágu ef samkeppni er verulega heft á markaði sökum þess að þar hefur einn birgir sterk markaðsítök eða ef verð og skilyrði framboðs á vélknúnum ökutækjum er verulega breytilegt eftir dreifingaradilum á ólíkum svæðum. Hún getur einnig fellt niður ávinning af undanþágu ef verð eða söluskilmálar eru mismunandi eða lagt óeðlilega hátt viðbótargjald, eins og t.d. lagt er á ökutæki með hægrihandarstýri, á vörur sem eru í samræmi við þær vörur sem samningurinn tekur til.
- 33) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir innlendum yfirvöldum aðildarríkjanna umboð til að fella niður ávinning af undanþágunni að því er varðar lóðréttira samninga sem hafa áhrif sem eru ósamrýmanleg ákvæðum í 3. mgr. 81. gr., þar sem slíkra áhrifa verður vart á yfirráðasvæðum þeirra eða á hluta þeirra og þar sem slíkt svæði hefur til að bera einkenni sérstaks, landfræðilegs markaðar. Meðferð þessa innlenda valds til niðurfellingar skal ekki hafa áhrif á samræmda beitingu samkeppnisreglna bandalagsins á sameiginlega markaðnum eða fullum áhrifum aðgerðanna sem samþykktar hafa verið í tengslum við framkvæmd þessarar reglna.
- 34) Til að auka eftirlit með samhliða netum lóðréttira samninga, sem hafa hliðstæð áhrif til takmörkunar og ná yfir meira en 50% tiltekins markaðar, getur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að undanþágan gildi ekki um lóðréttira samninga sem í eru tilteknar hömlur sem tengjast viðkomandi markaði og þar með verði 1. mgr. 81. gr. beitt að fullu á ný gagnvart slíkum samningum.
- 35) Undanþágan skal veitt með fyrirvara um beitingu ákvæða 82. gr. í sáttmálanum um misnotkun fyrir-tækja í yfirburðarstöðu.
- 36) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1475/95 frá 28. júní 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja ⁽¹⁾ gildir til og með 30. september 2002. Til þess að öllum rekstraradilum gefist tími til að aðlaga lóðréttira samninga, sem eru samrýmanlegir reglugerðinni og eru enn í gildi þegar undanþágan, sem kveðið var á um þar, fellur úr gildi, er rétt að undanþágan taki til slíkra samninga á aðlögunartímabilinu fram til 1. október 2003, en á þeim tíma skulu þeir undanþegnir banninu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. samkvæmt þessari reglugerð.
- 37) Til þess að leyfa öllum rekstraraðilum í magnbundnu, sérvöldu dreifikerfi fyrir nýjar fólksbifreiðir og léttar vöruflutningabifreiðir að aðlaga viðskiptaáætlun sína því að ekki verði beitt undanþágu frá ákvæðum um staðsetningu er rétt að mæla fyrir um að skilmálar, sem settir eru í b-lið 2. mgr. 5. gr., skuli taka gildi 1. október 2005.
- 38) Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með beitingu þessarar reglugerðar með reglulegu millibili, einkum með tilliti til áhrifa hennar á samkeppni í smásölu á vélknúnum ökutækjum og viðhaldsþjónustu á sameiginlega markaðnum eða viðkomandi hlutum hennar. Einnig skal fylgjast með áhrifum þessarar reglugerðar á skipulag og samfylkingu í dreifingu vélknúinna ökutækja og hvaða áhrif þetta hefur á samkeppni. Framkvæmdastjórnin skal einnig annast mat á beitingu þessarar reglugerðar og taka saman skýrslu eigi síðar en 31. maí 2008.

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 145, 29.6.1995, bls. 25.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fyrirtæki í samkeppni“: raunverulegir eða hugsanlegir birgjar á sama vörumarkaði. Vörumarkaðurinn tekur m.a. til vara eða þjónustu sem kaupandi telur jafngilda samningsvörum eða -þjónustu eða að geti komið í stað þeirra sakir eiginleika varanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar;
- b) „skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem verður til þess að kaupandi framleiðir ekki, kaupir ekki, selur ekki eða endurselur ekki vörur eða þjónustu, sem keppir við samningsvörurnar eða -þjónustuna, eða er bein eða óbein skuldbinding kaupanda um að meira en 30 % af heildarinnkaupum hans á samningsvörum, samsvarandi vörum eða þjónustu og hliðstæðum hennar á viðkomandi markaði séu gerð hjá birgi eða öðru fyrirtæki sem tilgreint er af birginum og er þá miðað við verðmæti innkaupa kaupandans næstliðið almanaksár. Skuldbinding dreifingaraðila um að selja vélknúin ökutæki frá öðrum birgjum á aðskildum svæðum í sýningarsalnum til þess að forðast að tegundum sé ruglað saman er ekki skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni í skilningi þessarar reglugerðar. Skuldbinding dreifingaraðila um að hafa sérstakt sölufólk fyrir mismunandi vörumerki vélknúinna ökutækja felur í sér skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni í skilningi þessarar reglugerðar nema dreifingaraðili ákveði að hafa sérstakt sölufólk fyrir hvert vörumerki og birgirinn greiði allan aukakostnað við það;
- c) „lóðréttir samningar“: samningar eða samstilltar aðgerðir tveggja eða fleiri fyrirtækja en hvert þeirra er starfrækt, að því er samninginn varðar, á mismunandi stigum framleiðslu- eða dreifingarferlisins;
- d) „lóðréttar hömlur“: samkeppnistakmarkanir sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. þegar lóðréttur samningur felur í sér slíkar takmarkanir;
- e) „skuldbinding um einkasölu“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem veldur því að birgirinn má aðeins selja einum aðila á sameiginlega markaðnum vörur eða þjónustu með tiltekin not í huga eða til endursölu;
- f) „sérvalið dreifikerfi“: dreifikerfi þar sem birgir skuldbindur sig til að selja samningsvörur eða -þjónustu, beint eða óbeint, eingöngu til dreifingaraðila eða viðgerðaraðila sem valdir eru á grundvelli tiltekinna viðmiðana og þar sem dreifingaraðilar eða viðgerðaraðilar skuldbinda sig til að selja ekki slíkar vörur eða þjónustu til dreifingaraðila, sem eru ekki viðurkenndir, eða sjálfstæðra viðgerðaraðila, án þess að það hafi áhrif á að þeir geti selt varahluti til sjálfstæðra viðgerðaraðila eða skuldbindinguna um að láta

sjálfstæðum rekstraraðilum í té allar tæknilegar upplýsingar, bilanagreini, verkfæri og þjálfun til viðgerða og viðhalds vélknúinna ökutækja eða til að framfylgja reglum um umhverfisvernd;

- g) „magnbundið, sérvalið dreifikerfi“: sérvalið dreifikerfi þar sem birgirinn notar, við val á dreifingaraðilum eða viðgerðaraðilum, viðmiðanir sem takmarka fjölda þeirra með beinum hætti;
- h) „ómagnbundið, sérvalið dreifikerfi“: sérvalið dreifikerfi, þar sem birgirinn notar, við val á dreifingaraðilum eða viðgerðaraðilum, ómagnbundnar viðmiðanir eingöngu eins og eðli samningsvöru eða -þjónustu útheimtir og gilda þær viðmiðanir með sama hætti fyrir alla dreifingaraðila eða viðgerðaraðila, leiða ekki til mismununar og takmarka ekki fjölda dreifingaraðila eða viðgerðaraðila með beinum hætti;
- i) „hugverkaréttindi“: hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, höfundaréttur og skyld réttindi;
- j) „verkkunnátta“: safn hagnýtra upplýsinga sem einkaleyfi ná ekki yfir og ákvarðast af reynslu og tilraunum birgis og sem eru leynilegar, umtalsverðar og auðkenndar; í þessu samhengi ber að skilja „leynilegar“ á þann veg að verkunnáttan, sem heild eða í samskipan og samsetningu einstakra hluta hennar, sé ekki almennt þekkt eða auðveldlega aðgengileg; „umtalsverðar“ merkir að í verkunnáttunni felist vitneskja sem er ómissandi fyrir kaupandann til að nota, selja eða endurselja samningsvörurnar eða -þjónustuna; „auðkenndar“ merkir að verkunnáttunni verði að vera lýst á nægilega skiljanlegan hátt til að gera kleift að sannprófa að hún uppfylli skilyrðin um að hún sé leynileg og umtalsverð;
- k) „kaupandi“: fyrirtæki, hvort heldur er dreifingaraðili eða viðgerðaraðili, sem selur vörur eða þjónustu fyrir hönd annars fyrirtækis;
- l) „viðurkenndur viðgerðaraðili“: aðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki og starfar innan dreifikerfisins sem birgir vélknúinna ökutækja kom á;
- m) „sjálfstæður viðgerðaraðili“: aðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki og starfar ekki innan dreifikerfisins sem birgir vélknúnu ökutækjanna, sem aðilinn sér um viðgerðir og viðhald á, kom á. Viðurkenndan viðgerðaraðila innan dreifikerfis tiltekens birgis ber að líta á sem sjálfstæðan viðgerðaraðila í þessari reglugerð að svo miklu leyti sem hann veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki með tilliti til þess að hann er ekki þátttakandi í dreifingarkerfi viðkomandi birgis;
- n) „vélknúð ökutæki“: vélknúð ökutæki ætlað til aksturs á vegum, búið þremur eða fleiri hjólum;
- o) „fólksbifreið“: vélknúð ökutæki, ætlað til að flytja farþega, með ekki fleiri en átta sætum auk ökumannssætis;

- p) „létt vöruflutningabifreið“: vélknúð ökutæki, ætlað til vöru- eða farþegaflutninga, með allt að 3,5 tonna hámarks massa; ef tiltekin létt vöruflutningabifreið er einnig seld í útgáfu sem er yfir 3,5 tonna hámarks massa, er einnig seld teljast allar útfærslur af því ökutæki léttar vöruflutningabifreiðar;
- q) „sem samningurinn nær til“: allar hinar mismunandi tegundir vélknúinna ökutækja sem dreifingaraðili getur keypt af birgi;
- r) „vélknúð ökutæki sem samsvarar tegund sem samningurinn tekur til“: ökutæki sem fellur undir dreifingarsamning við annað fyrirtæki í dreifikerfinu sem framleiðandi setur upp eða sett er upp með hans samþykki og:
- framleiðandinn fjöldaframleiðir eða setur saman, og
 - samsvarar nákvæmlega ökutæki sem samningurinn tekur til að því er varðar yfirbyggingu, drifkerfi, undirvagn og vélartegund;
- s) „varahlutir“: vörur sem á að setja í eða á vélknúð ökutæki í stað íhluta þess, þ.m.t. vörur á borð við smurefni sem eru nauðsynleg í vélknúð ökutæki, að undanskildu eldsneyti;
- t) „upprunalegir varahlutir“: varahlutir sem eru af sömu gæðum og íhlutirnir sem notaðir eru í samsetningu vélknúns ökutækis og eru framleiddir í samræmi við framleiðsluforskriftir og -staðla framleiðanda ökutækisins þegar íhlutir eða varahlutir í viðkomandi ökutæki eru framleiddir. Þetta á einnig við um varahluti sem eru framleiddir á sama færibaldi og þessir íhlutir. Gert er ráð fyrir, nema annað sé sannað, að hlutarnir séu upprunalegir varahlutir ef framleiðandinn vottar að hlutarnir séu af samsvarandi gæðum og íhlutirnir, sem eru notaðir í samsetningu á viðkomandi vélknúnu ökutæki, séu framleiddir í samræmi við framleiðsluforskriftir og -staðla framleiðanda ökutækisins;
- u) „varahlutir af samsvarandi gæðum“: eingöngu varahlutir, búnir til af fyrirtæki sem getur vottað hvenær sem er að varahlutirnir, sem um er að ræða, séu af samsvarandi gæðum og íhlutirnir sem eru notaðir í samsetningu á viðkomandi vélknúnum ökutækjum;
- v) „fyrirtæki í dreifikerfinu“: framleiðandi og fyrirtæki sem framleiðandi hefur falið að selja eða sjá um dreifingu, viðgerðir eða viðhald á samningsbundnum vörum eða samsvarandi vörum eða sem gera það með hans samþykki;
- w) „notandi“: tekur til eignarleigufyrirtækja nema leigusamningarnir, sem eru notaðir, feli í sér afsal eða möguleika á kaupum á ökutækinu fyrir samningslok.

2. Merking hugtakanna „fyrirtæki“, „birgir“, „kaupandi“, „dreifingaraðili“ og „viðgerðaraðili“ skal ná til viðkomandi tengdra fyrirtækja þeirra.

„Tengd fyrirtæki“ eru:

- a) fyrirtæki þar sem samningsaðili beint eða óbeint:
- i) ræður yfir meirihluta atkvæða, eða
 - ii) getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða stofnanir og kemur lagalega fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
 - iii) á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins;
- b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, gagnvart samningsaðila;
- c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið;
- d) fyrirtæki, þar sem samningsaðili ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
- e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
- i) samningsaðila eða tengdra fyrirtækja, sem um getur í a- til d-lið, eða
 - ii) eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila.

2. gr.

Gildissvið

1. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr sáttmáls og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um lóðréttta samninga þar sem þeir varða skilyrði sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðila á nýjum, vélknúnum ökutækjum, varahlutum fyrir vélknúin ökutæki eða á viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki.

Fyrsta undirgrein skal gilda um að hve miklu leyti slíkir lóðréttir samningar feli í sér lóðréttar hömlur.

Undanþágan, sem lýst er í þessari málsgrein, skal í þessari reglugerð nefnd „undanþágan“.

2. Undanþágan skal einnig gilda um eftirfarandi flokka lóðrétttra samninga:

- a) lóðréttta samninga, sem gerðir eru milli samtaka fyrirtækja og þátttakenda í samtökunum eða milli slíkra samtaka og birgja þeirra, ef allir meðlimirnir eru dreifingaraðilar vélknúinna ökutækja, varahluta í vélknúin ökutæki eða viðgerðaraðilar og ef enginn

einstakur þátttakandi samtakanna, ásamt tengdum fyrirtækjum, hefur heildarveltu á ári sem er yfir 50 milljónir evra. Reglugerð þessi gildir um lóðréttu samninga sem slík samtök gera, með fyrirvara um beitingu 81. gr., gagnvart láréttum samningum sem aðilar samtakanna gera sín á milli;

- b) lóðréttu samninga sem innihalda ákvæði er varða framsal til kaupanda eða not hans á hugverkaréttindum, að því tilskildu að þessi ákvæði séu ekki megintilgangur slíkra samninga og séu beinlínis tengd notkun, sölu eða endursölu kaupanda eða viðskiptavina hans á vöru eða þjónustu. Undanþágan er bundin því skilyrði, að því er varðar umsamdar vörur eða þjónustu, að í þessum ákvæðum sé ekki að finna samkeppnistakmarkanir sem hafa sömu áhrif eða virkni og lóðréttar hömlur sem eru ekki undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð.

3. Undanþágan skal ekki gilda um lóðréttu samninga sem eru gerðir milli fyrirtækja í samkeppni.

Þó skal hún gilda þegar fyrirtæki í samkeppni gera lóðréttan samning sem ekki er gagnkvæmur og:

- a) heildarvelta kaupandans er undir 100 milljónum evra á ári, eða
- b) birgirn er framleiðandi og dreifingaraðili vöru en kaupandinn er dreifingaraðili sem framleiðir ekki vöru í samkeppni við samningsvörurnar, eða
- c) birgirn útvegar þjónustu á ýmsum stigum viðskipta en kaupandinn býður ekki upp á aðra þjónustu sem á í samkeppni og samningurinn tekur til.

3. gr.

Almenn skilyrði

1. Með fyrirvara um 2., 3., 4., 5., 6. og 7. mgr. gildir undanþágan með því skilyrði að markaðshlutdeild birgisins á viðkomandi markaði, þar sem hann selur ný, vélknúin ökutæki, varahluti í vélknúin ökutæki eða viðgerðar- og viðhaldsþjónustu, fari ekki yfir 30%.

Viðmiðunarmörk markaðshlutdeilda fyrir umsókn um undanþágu skulu þó vera 40% að því er varðar samninga þar sem fastsett er magnbundið, sérvalið dreifikerfi fyrir sölu á nýjum, vélknúnum ökutækjum.

Þessir þröskuldar skulu ekki eiga við samninga þar sem fastsett er ómagnbundið, sérvalið dreifikerfi.

2. Sé um að ræða lóðréttu samninga sem í eru skuldbindingar um einkasölu skal undanþágan gilda með því skilyrði að markaðshlutdeild kaupandans fari ekki yfir 30% á viðkomandi markaði þar sem hann kaupir samningsvöruna eða -þjónustuna.

3. Undanþágan gildir með því skilyrði að í lóðréttu samningnum, sem gerður er við dreifingaraðila eða viðgerðaraðila, sé kveðið á um að birgirn samþykki að yfirfæra réttindi og skuldbindingar, sem leiða af lóðréttu

samningnum, á annan dreifingaraðila eða viðgerðaraðila í dreifikerfinu og að vali fyrrrerandi dreifingaraðila eða viðgerðaraðila.

4. Undanþágan gildir með því skilyrði að í lóðréttu samningnum, sem gerður er við dreifingaraðila eða viðgerðaraðila, sé kveðið á um að ef birgir óskar eftir að segja upp samningi verði hann að gera það skriflega og gefa nákvæma, hlutlega og gagnsæja ástæðu fyrir uppsögninni til þess að hindra að birgir geti rift lóðréttum samningi við dreifingaraðila eða viðgerðaraðila sökum venja sem ekki eru settar hömlur á samkvæmt þessari reglugerð.

5. Undanþágan gildir með því skilyrði að í lóðréttu samningnum milli birgis nýrra, vélknúinna ökutækja og dreifingaraðila eða viðurkennds viðgerðaraðila sé kveðið á um

- a) að samningurinn sé gerður til a.m.k. fimm ára; í því tilviki skal hvor aðili skuldbinda sig til að láta hinn vita með minnst sex mánaða fyrirvara ætli hann ekki að endurnýja samninginn;
- b) eða að samningurinn sé ótímabundinn; í því tilviki skal reglulegur uppsagnarfrestur samningsins vera minnst tvö ár fyrir báða aðila; sá frestur stytst í a.m.k. eitt ár ef:
- i) birginum ber samkvæmt lögum eða sérsamningi að greiða viðeigandi bætur í samningslok, eða
- ii) birgir slítur samningnum af því að nauðsynlegt er að endurskipuleggja allt dreifikerfið eða verulegan hluta þess.

6. Undanþágan gildir með því skilyrði að í lóðréttu samningnum sé kveðið á um að hver aðili geti skotið deilum um efnidir á samningsskuldbindingum til sjálfstæðs sérfræðings eða gerðarmanns. Slíkar deilur geta m.a. snúist um:

- a) skuldbindingar um sölu,
- b) ákvörðun um sölumarkmið eða hvernig þau nást,
- c) hvernig kröfum um birgðir er fullnægt,
- d) hvernig skuldbinding um að útvega eða nota sýningarökutæki er uppfyllt,
- e) skilyrðin fyrir sölu mismunandi vörumerkja,
- f) hvort bann á starfsemi utan starfsstöðvar, sem ekki er viðurkennd, hindri dreifingaraðila vélknúinna ökutækja, annarra en fólksbifreiða eða léttra vöruflytningabifreiða, í að færa út viðskipti sín, eða
- g) hvort uppsögn samningsins sé réttlæt看leg samkvæmt þeim rökum sem færð eru í uppsögninni.

Rétturinn, sem vísað er til í fyrsta málslið, hefur ekki áhrif á rétt beggja aðila til að vísa málinu til innlands dómstóls.

7. Að því er varðar þessa grein skal markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 2. mgr. 1. gr., skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Alvarlegar takmarkanir

(Alvarlegar takmarkanir á sölu nýrra, vélknúinna ökutækja, viðgerðar- og viðhaldsþjónustu eða varahlutum)

1. Undanþágan gildir ekki um lóðréttá samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, hafa að markmiði:

- a) að takmarka möguleika dreifingaraðila eða viðgerðaraðila á að ákveða söluverð sitt, með fyrirvara um að birgir geti ákveðið hámarkssöluverð eða leiðbeinandi söluverð, að því tilskildu að það jafngildi ekki föstu verði eða lágmarkssöluverði vegna þrýstings eða hvatningar frá öðrum hvorum aðilanna;
- b) að takmarka það landsvæði eða þann hóp viðskiptamanna sem dreifingaraðila eða viðgerðaraðila er heimilt að selja samningsvörurnar eða -þjónustuna; undanþágan gildir þó um:
 - i) takmörkun á virkri sölu inn á einkasöluvæðið eða til hóps einkaviðskiptamanna sem er frátekinn fyrir birginn eða birgirinn hefur fengið öðrum dreifingaraðila eða viðgerðaraðila, ef slík takmörkun hamlar ekki sölu til viðskiptavina dreifingaraðila eða viðgerðaraðila,
 - ii) takmörkun á sölu dreifingaraðila, sem starfar sem heildsali, til notenda,
 - iii) takmörkun á sölu aðila að sérvöldu dreifikerfi á nýjum, vélknúnum ökutækjum og varahlutum til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir á mörkuðum þar sem sérvalin dreifing tíðkast, sbr. þó ákvæði i-liðar,
 - iv) takmörkun á möguleika kaupandans á að selja íhluti sem afhentir hafa verið til ísetningar, til viðskiptamanna sem hyggjast nota þá til framleiðslu á sömu tegund vöru og birgirinn framleiðir;
- c) að takmarka innbyrðis viðskipti dreifingaraðila eða viðgerðaraðila innan sérvalins dreifikerfis, þ.m.t. milli dreifingaraðila eða viðgerðaraðila sem starfa á öðru viðskiptastigi;
- d) að takmarka virka eða óvirka sölu aðila sérvalins dreifikerfis á smásölustigi á nýjum fólksbifreiðum eða léttum vöruflutningabifreiðum, varahlutum í vélknúin ökutæki eða viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki til notenda á mörkuðum þar sem sérvalin dreifing er notuð. Undanþágan gildir um samninga sem banna þátttakanda í sérvöldu

dreifingarkerfi að reka starfsemi sína frá starfsstöð sem hefur ekki verið viðurkennd. Beiting undanþágu frá slíku banni er háð fyrirvara um ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr.;

- e) að takmarka virka eða óvirka sölu þátttakenda í sérvöldu dreifikerfi á smásölustigi á nýjum fólksbifreiðum eða léttum vöruflutningabifreiðum til notenda á mörkuðum þar sem sérvalin dreifing tíðkast með fyrirvara um að birgir geti bannað þátttakanda í kerfinu að reka starfsemi frá starfsstöð sem hefur ekki verið viðurkennd;

(Alvarlegar takmarkanir sem snerta eingöngu sölu nýrra, vélknúinna ökutækja)

- f) að takmarka möguleika dreifingaraðila á að selja ný vélknúin ökutæki sem samsvara tegund ökutækis sem samningurinn nær til;
- g) að takmarka möguleika dreifingaraðila á að gera undirverktakasamning um ákvæði um viðgerðar- og viðhaldsþjónustu við viðurkennda viðgerðaraðila með fyrirvara um að birgir geti krafist þess að dreifingaraðili gefi notendum upp nafn og heimilisfang viðurkennds eða viðurkenndra viðgerðaraðila, sem um er að ræða, áður en samningurinn er gerður og ef einhver þessara viðurkenndu viðgerðaraðila er ekki í nágrenni við sölustaðinn að hann segi notendum einnig hve langt frá sölustaðnum næsta viðgerðarverkstæði sé; en slíkar skuldbindingar er einungis hægt að leggja á viðkomandi ef farið er fram á svipaðar skuldbindingar af hendi dreifingaraðila sem reka eigið viðgerðarverkstæði en ekki á sama stað og sölustaðurinn;

(Alvarlegar takmarkanir sem snerta eingöngu sölu á viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og varahlutum)

- h) að takmarka möguleika viðurkennds viðgerðaraðila á að takmarka starfsemi sína við að útvega viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og dreifingu á varahlutum;
- i) að takmarka sölu þátttakenda sérvalins dreifingarkerfis á varahlutum í vélknúin ökutæki til sjálfstæðra aðila sem nota varahlutina til viðgerða og viðhalds á vélknúnu ökutæki;
- j) takmörkun sem birgir upprunalegra varahluta eða varahluta af samsvarandi gæðum, viðgerðarverkfæra eða bilanagreinis eða annars búnaðar og framleiðandi vélknúinna ökutækja semja um sín á milli og skerðir möguleika birgisins á að selja viðurkenndum eða sjálfstæðum viðgerðaraðilum eða notendum þessar vörur eða þjónustu;
- k) að takmarka möguleika dreifingaraðila eða viðurkennds viðgerðaraðila á að fá upprunalega varahluti eða varahluti af samsvarandi gæðum frá þriðja fyrirtæki að eigin vali og nota þá til viðgerða eða viðhalds á vélknúnum ökutækjum, með fyrirvara um að birgir nýrra, vélknúinna ökutækja geti krafist þess að notaðir séu upprunalegir varahlutir frá honum til vinnu við viðgerðir í ábyrgð, ókeypis þjónustu og innköllun ökutækja;

1) takmörkun sem framleiðandi vélknúinna ökutækja, sem notar íhluti í frumsamsetningu vélknúinna ökutækja, og birgir þessara íhluta semja um sín á milli og skerðir möguleika þess síðarnefnda á að setja vörumerki sitt eða kennimerki þar sem þau sjást vel og greinilega á íhluti eða á varahluti sem seldir eru.

2. Undanþágan gildir ekki ef birgir vélknúinna ökutækja neitar að veita sjálfstæðum rekstraraðilum aðgang að öllum tæknilegum upplýsingum, bilanagreini og öðrum búnaði, verkfærum, þ.m.t. viðkomandi hugbúnaði, eða þjálfun sem þarf til viðgerða og viðhalds þessara vélknúnu ökutækja eða til að framfylgja ráðstöfunum til verndar umhverfinu.

Þessi aðgangur skal einkum felast í óhindraðri notkun rafeindastýringar- og bilanagreinerkis vélknúinna ökutækja, forritun þessara kerfa í samræmi við starfsreglur birgisins, leiðbeiningum og þjálfun í viðgerðum og viðhaldi og upplýsingum sem þarf til að nota verkfæri og búnað til greiningar og þjónustu.

Sjálfstæðum rekstraraðilum skal veittur aðgangur án mismununar, skjótt og í réttu hlutfalli og upplýsingar skulu vera í nothæfu formi. Ef viðkomandi atriði fellur undir hugverkarétt eða myndar sérhæfða verkþekkingu skal þeim ekki neitað um aðgang að ástæðulausu.

Að því er þessa málsgrein varðar er „sjálfstæður rekstraraðili“ fyrirtæki sem er beint eða óbeint tengt viðgerðum og viðhaldi á vélknúnum ökutækjum, einkum sjálfstæðir viðgerðaraðilar, framleiðendur búnaðar eða verkfæra til viðgerða, sjálfstæðir dreifingaraðilar varahluta, útgefendur tækniupplýsinga, bifreiðaklúbbar, þeir sem veita aðstoð og vegþjónustu, rekstraraðilar sem annast eftirlits- og prófunarþjónustu og rekstraraðilar sem annast þjálfun viðgerðaraðila.

5. gr.

Sérstök skilyrði

1. Að því er varðar sölu á nýjum, vélknúnum ökutækjum, viðgerðar- og viðhaldsþjónustu eða varahlutum skal undanþágan ekki gilda um neinar af eftirfarandi skuldbindingum lóðrétttra samninga:

- beinar eða óbeinar skuldbindingar um að taka ekki þátt í samkeppni;
- beinar eða óbeinar skuldbindingar sem takmarka möguleika viðurkennds viðgerðaraðila til að veita viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir ökutæki frá birgjum í samkeppni;
- beinar eða óbeinar skuldbindingar sem leiða til þess að þátttakendur í dreifingarkerfi selji ekki vélknúin ökutæki eða varahluti ákveðinna birgja í samkeppni eða veiti ekki viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir vélknúin ökutæki tiltekinna birgja í samkeppni;
- beinar eða óbeinar skuldbindingar sem leiða til þess að dreifingaraðili eða viðurkenndur viðgerðaraðili framleiði ekki, kaupí, selji eða endurselji vélknúin

ökutæki eða veiti ekki viðgerðar- eða viðhaldsþjónustu eftir uppsögn samningsins.

2. Við sölu á nýjum, vélknúnum ökutækjum gildir undanþágan ekki um neina af eftirfarandi skuldbindingum sem felast í lóðréttum samningum:

- beinar eða óbeinar skuldbindingar sem leiða til þess að smásali selur ekki leiguþjónustu sem tengist samningsvörum eða samsvarandi vörum;
- beinar eða óbeinar skuldbindingar dreifingaraðila fólksbifreiða eða léttra vöruflytingabifreiða í sérvöldu dreifingarkerfi sem takmarka möguleika hans á að opna fleiri sölu- eða afhendingastaði á öðrum stöðum á sameiginlega markaðnum þegar sérvalin dreifing er notuð.

3. Að því er varðar viðgerðar- og viðhaldsþjónustu eða sölu á varahlutum skal undanþágan ekki gilda um beinar eða óbeinar skuldbindingar að því er varðar staðsetningu starfsstöðvar viðurkennds viðgerðaraðila þegar notuð er sérvalin dreifing.

6. gr.

Afturköllun undanþágunnar

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella niður undanþágu þessarar reglugerðar skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE komist hún að þeirri niðurstöðu að í einhverju tilviki hafi lóðréttir samningar, sem falla undir þessa reglugerð, engu að síður haft einhver þau áhrif sem eru ósamrýmanleg skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum ef:

- aðgangur að eða samkeppni á viðkomandi markaði er verulega takmörkuð með samlegðaráhrifum samhliða neta svipaðra, lóðrétttra hamlar sem birgjar eða kaupendur, sem eru í samkeppni, hafa innleitt, eða
- samkeppni er takmörkuð á markaði þar sem einn birgji er ekki í virkri samkeppni við aðra birgja, eða
- verulegur munur er á verði og söluskilmálum fyrir samningsvörum eða samsvarandi vörum milli landfræðilegra markaða, eða
- mismunandi verði eða söluskilmálum er beitt innan landfræðilegs markaðar.

2. Ef lóðréttir samningar, sem undanþágan gildir um, hafa í einhverju tilteknu tilviki áhrif, sem eru ósamrýmanleg skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, á yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess sem hefur öll einkenni sérstaks, landfræðilegs markaðar er lögbæra yfirvaldinu heimilt að fella niður þá undanþágu, sem fæst með beitingu þessarar reglugerðar á því yfirráðasvæði, samkvæmt sömu skilyrðum og kveðið er á um í 1. mgr.

7. gr.

Frávik frá beitingu reglugerðarinnar

1. Samkvæmt 1. gr. a í reglugerð nr. 19/65/EBE getur framkvæmdastjórnin ákveðið með reglugerð að þar sem samhliða netkerfi svipaðra, lóðréttu hamlu ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðréttu samninga sem í eru tilteknar hömlur sem varða þann markað.

2. Reglugerð skv. 1. mgr. skal ekki koma til framkvæmdar fyrr en einu ári eftir samþykkt hennar.

8. gr.

Útreikningur markaðshlutdeildar

1. Reikna skal markaðshlutdeildina, sem kveðið er á um í þessari reglugerð:

- fyrir dreifingu á nýjum, vélknúnum ökutækjum á grundvelli magns samningsvara og samsvarandi vara, sem birgirinn selur, ásamt öllum öðrum vörum sem birgirinn selur og kaupandinn telur að séu jafngildar eða geti komið í stað þeirra sakir eiginleika varanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar;
- fyrir dreifingu á varahlutum á grundvelli magns samningsvara og annarra vara, sem birgirinn selur, ásamt öllum öðrum vörum sem birgirinn selur og kaupandinn telur að séu jafngildar eða geti komið í stað þeirra sakir eiginleika varanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar;
- fyrir ákvæðið um viðgerðar- og viðhaldsþjónustu á grundvelli þess hvers virði samningsþjónustan er sem þátttakendur í dreifingarkerfi birgisins selja ásamt annari þjónustu sem þessir aðilar selja og kaupandinn telur að sé jafngild eða geti komið í stað þeirra sakir eiginleika varanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar.

Ef magnupplýsingarnar, sem þarf fyrir þessa útreikninga, eru ekki tiltækar er hægt að nota upplýsingar um virði eða öfugt. Ef þær upplýsingar eru ekki tiltækar má nota mat sem byggist á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum sem notaðar eru. Í 2. mgr. 3. gr. skal nota magn innkaupa á markaðnum eða andvirði innkaupa á markaðnum, eftir því sem við á, eða mat á þessu til að reikna markaðshlutdeildina.

2. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkanna fyrir 30% og 40% markaðshlutdeild sem kveðið er á um í þessari reglugerð skulu eftirfarandi reglur gilda;

- markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári;
- markaðshlutdeildin skal ná til allrar vöru eða þjónustu sem sameinaðir dreifingaraðilar hafa fengið til sölu;
- ef upphaflega markaðshlutdeildin var ekki hærrí en 30% eða 40% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 35% eða 45% skal undanþágan gilda áfram í allt að tvö almanaksár samfellt eftir árið þegar fyrst var farið yfir 30% eða 40%;
- ef upphaflega markaðshlutdeildin var ekki hærrí en 30% eða 40% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 35% eða 45% skal undanþágan gilda áfram í allt að eitt almanaksár eftir árið þegar fyrst var farið yfir 30% eða 40%;
- óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli c- og d-liðar, þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

9. gr.

Útreikningar veltu

1. Að því er varðar útreikninga á árlegri heildarveltu í skilningi a-liðar 2. mgr. 2. gr. og a-liðar 3. mgr. 2. gr., eftir því sem við á, skal leggja saman veltu hlutaðeigandi aðila að lóðréttu samningnum á næstliðnu fjárhagsári og veltu sem tengd fyrirtæki hans mynda í tengslum við allar vörur og þjónustu, að undanskildum öllum sköttum og skyldum. Ekki skal taka tillit til viðskipta milli aðila að lóðréttum samningi og fyrirtækja sem tengjast honum, eða milli tengdra fyrirtækja hans.

2. Undanþágan skal gilda áfram ef heildarársvelta einhverra tveggja, samfelldra fjárhagsára fer ekki yfir 10% af heildarársveltu.

10. gr.

Aðlögunartími

Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr., gildir ekki á tímabilinu frá 1. október 2002 til 30. september 2003 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 30. september 2002 og uppfylla ekki skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1475/95.

11. gr.

Eftirlits- og matsskýrsla

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með beitingu þessarar reglugerðar með reglulegu millibili, einkum með tilliti til áhrifa hennar á:

- a) samkeppni í smásölu á vélknúnum ökutækjum og viðhaldsþjónustu á sameiginlega markaðnum eða viðkomandi hlutum hennar;
- b) skipulag og samfylkingu dreifingaraðila vélknúinna ökutækja og áhrif þessa á samkeppni.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2002.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um þessa reglugerð eigi síðar en 31. maí 2008 með sérstöku tilliti til skilyrðanna sem sett eru í 3. mgr. 81. gr.

12. gr.

Gildistaka reglugerðarinnar og niðurfelling hennar

1. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 2002.
2. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 5. gr. gilda frá og með 1. október 2005.
3. Reglugerð þessi falli úr gildi 31. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

Brekka

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 18. mars 2003 breytingu á deiliskipulagi við Brekku í Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulaginu verða á skipulagssvæðinu 25 lóðir með samtals 45 íbúðum. Þar af verða á svæðinu suður af Brekku 13 einbýlishús, Brekka meðtalin, og norður af Brekku sex par- og raðhús og sex fjölbýlishús með 26 íbúðum, samtals 45 íbúðir.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 21. mars 2003.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis. B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu heits vatns og jarðgufu, sbr. reglugerð fyrir HH nr. 320/2000, ásamt þeim breytingum, sem síðar kunna að verða gerðar á henni.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluta sem fjallar um almenna afhendingu hitaorku á veitusvæði HH. Í A-hluta er einnig skilgreining á heimæðagjöldum, mælaleigu og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta sem sýnir gildandi verð fyrir heitt vatn, jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

Verðskrá.

2.1 Verð fyrir heitt vatn og jarðgufu.

A.1 Almenn notkun, dreifikerfi I:

Vatnsgjald	64	kr./m ³
Fast gjald	7.400	kr./ár

A.2 Almenn notkun, dreifikerfi II og III:

Vatnsgjald	312	kr./m ²
Fast gjald	7.400	kr./ár

A.3 Garðyrkjunotkun, dreifikerfi II:

Vatnsgjald	312	kr./m ²
Fast gjald	18.500	kr./ár

A.4 Iðnaðarnotkun, dreifikerfi II:

Vatnsgjald	312	kr./m ²
Jarðgufugjald	1,15	kr./kWh
Fast gjald	7.400	kr./ár
Flatarmál húsa er reiknað skv. reiknireglum FMR.		

2.2 Heimæðagjald.

B.1 Hús minna en 2.000 m³

Fast gjald	118.900	kr.
Rúmmetrar umfram 600 m ³	75	kr./m ³

B.2 Hús stærri en 2.000 m³

Fast gjald	223.900	kr.
Rúmmetrar umfram 2.000 m ³	50	kr./m ³
Rúmmetrar umfram 600 m ³ reiknast ekki á einbýlis-, rað- eða parhús.		

2.3 Innheimtugjald.

C.1 Innheimtugjald hitaveitu	560	kr.
------------------------------	-----	-----

2.4 Lokunargjald.

D.1 Lokunargjald hitaveitu	1.880	kr.
----------------------------	-------	-----

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með áorðnum breytingum, til þess að öðlast gildi 1. apríl 2003 og birtist til eftirbreyttni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, B-hluti, nr. 963, 20. desember 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 25. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Hækkun á þaki Hrafnistu.

Bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Garðabæjar hafa samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði þar sem heimilað var að lyfta þaki á B-álmum Hrafnistu fyrir 9 vistherbergi.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og fór Skipulagsstofnun yfir málið.

Bæjarstjórnir í Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ lýsa því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, hver í sínu lögsagnarumdæmi. Breytingin öðlast þegar gildi.

Innkeyrslum á bílastæði Hrafnistu fjölgað.

Bæjarstjórnir Hafnarfjarðar og Garðabæjar hafa samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði þar sem heimiluð var ný innkeyrsla á lóð Hrafnistu frá safngötu norðan við spennistöð.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og fór Skipulagsstofnun yfir málið.

Bæjarstjórnir í Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ lýsa því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, hver í sínu lögsagnarumdæmi. Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Garðabæjar, 20. mars 2003.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 20. mars 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir,
skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

Hafdís Hafliðadóttir,
skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi hitaveitunnar og hún hefur umráðarétt yfir, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra nr. 252/2001, með síðari breytingum, fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu.

Hitaveitan lætur setja rennismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan ræður gerð rennismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðrétta reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps rekur nú tvö aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatn sem hefur mismunandi hita. Þessi svæði eru annars vegar á og við Borgarsvæðið með vatn frá Vaðnesi, hér eftir nefnd Borgarveitan og hins vegar austari hluti Grímsness, með vatn frá Kringlu, hér eftir nefnd Kringluveitan. Gjald fyrir eininguna af heitu vatni (m^3 eða $l/mín$) verða því mishá eftir svæðum.

5. gr.

Borgarveitan:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lámarksstilling er 2,0 $l/mínútu$. Hemlagjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði er kr. 1.163,28.

B. Eldri samningar:

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn er gjald fyrir hvern mínútulítra kr. 679,32 á mánuði.

C. Rúmmetragjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 31,70.

Mælagjald á mánuði

C1 Stærð mælis/hemils DN 15	kr.	606,73
C2 Stærð mælis/hemils DN 20	kr.	866,75
C3 Stærð mælis/hemils DN 25	kr.	1.072,04
C4 Stærð mælis/hemils DN 32	kr.	1.277,32
C5 Stærð mælis/hemils DN 40	kr.	1.483,75
C6 Stærð mælis/hemils DN 50	kr.	2.031,17

D. Stofngjöld:

Innifalið í stofngjaldi er ein heimæð á lóð allt að 25 m talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

D1 fyrir húsrými allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ² ,	kr.	54.742
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss		136,86
D2 fyrir húsrými stærra en 300 m ³ og gróðurhús stærra en 200 m ² ,		66.147
Fyrir hvern rúmmetra húss/ferm. gróðurhúss umfram 300 m ³ /200 m ² , ..		106,06
D3 fyrir sumarhús		
Stofngjald fyrir húsveitu		240.649
D4 gjald fyrir auka mælagrind		43.908

Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 1.648 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð umfram 25 m.

E. Önnur gjöld:

Lokunargjald	kr. 2.851
Aukaálestur	kr. 2.851

6. gr.

Kringluveitan:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Fast mánaðargjald hjá þeim notendum sem kaupa heitt vatn eftir hemli eða mæli skal vera:

E1 Stærð mælis/hemils DN 15	kr.	606,73
E2 Stærð mælis/hemils DN 20	kr.	866,75
E3 Stærð mælis/hemils DN 25	kr.	1.072,04
E4 Stærð mælis/hemils DN 32	kr.	1.277,32
E5 Stærð mælis/hemils DN 40	kr.	1.483,75
E6 Stærð mælis/hemils DN 50	kr.	2.031,17

Vatnsgjald er kr. 1.744,91 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Lámarksstilling er 2,0 l/mínútu.

Rúmmetragjald skv. mæli skal vera 53,18 kr./m³.

Stofngjald.

Innifalið í stofngjaldi er ein heimæð á lóð allt að 25 m, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

	kr.
F1 íbúðarhús allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ² ,	240.649
Fyrir hvern rúmmetra/fermetra þar yfir skal greiða 523,15 kr./m ³ .	
F2 vélageymslur og gripahús allt að 300 m ³ ,	156.945
Fyrir hvern rúmmetra/fermetra þar yfir skal greiða 340,05 kr./m ³ .	
F3 fyrir sumarhús	
Stofngjald fyrir húsveitu	240.649
F4 auka mælagrind	
Mælagrindargjald	40.283

Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 1.647,92 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð umfram 25 m.

Önnur gjöld.

Lokunargjald	kr. 2.851
Aukaálestur	kr. 2.851

7. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. gr. og 6. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, í bönkum eða pósthúsum. Gjald-dagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

8. gr.

Gjöld skv. 5. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er veitustjórn heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 28. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps og 79. gr. laga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

10. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 27. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Allan raunkostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal veittur hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. apríl 2003 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 570, 16. júlí 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. mars 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 – 2015, Jarðbaðshólar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í því að verslunar- og þjónustusvæði við Jarðbaðshóla stækkar og er flutt til suðvesturs. Breytingin þýðir að um 10 ha svæði innan landgræðslugirðingar verður verslunar- og þjónustusvæði en landbúnaðarsvæði og svæði þar sem skipulagi er frestað stækkar sem nemur gildandi verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Gerður er fyrirvari um niðurstöðu ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda við Jarðbaðshóla skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 19. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
219	25. mars	Gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis. B-hluti	607-608
220	20. mars	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi Hleina að Lang- eyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði	608
221	24. mars	Gjaldskrá Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps	609-612
222	19. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 – 2015, Jarðbaðshólar	612

